



Hjálmur

fréttablað



HJÁL MUR



[3]

Ótrúlegur félagsfundur



[16]

Hjálmur fyrir 110 árum



[22]

Excelltöflur sinna ekki börnum!

Fínn samningur í höfn sem gildir til eins árs

Eypór Þormóður Árnason



Árið sem er að líða hefur að því leyti verið frábrugðið undanförunum árum, að engar langar og strangar samningalotur einkenndu starfið. Það var ekki fyrr en núna í blálokin að gengið var frá kjarasamningi á almennum markaði. Eðlilega tók undirbúningur í félögunum talsverðan tíma og útheimti mikla vinnu, en samningalotan sjálf var stutt og hnitmiðuð, raunar eins og samningurinn sjálfur.

Þetta er samningur til skamms tíma. Gildistíminn er rúmt ár, frá 1. nóvember til 31. janúar 2024. Meginástæðan fyrir því að þessi leið er valin er staðan sem uppi er í samfélaginu. Það er talsverð verðbólga, verðlag á nauðsynjum hefur hækkað og kaupmáttur rýrnað. Það bitnar harðast á þeim sem lægst launin hafa. Við máttum þessa stöðu þannig, að mikilvægast væri að bæta þessum hópi kjararýrnunina og vinna tíma til þess meðal annars að ná niður verðbólgu. Samningurinn byggir á krónutöluhækkun. Þannig hækka laun að lágmarki um 33.000 krónur á mánuði frá 1. nóvember að telja. Til samanburðar hækkuðu laun um 17.000 krónur á mánuði þegar Lífskjarasamningurinn svokallaði var undirritaður. Orlofs- og desemberuppbætur hækka, kjaratengdir liðir hækka um 5% og bónusar í fiskvinnslu hækka. Auk þessa eru gerðar ýmsar breytingar á launatöflum, sem fela meðal annars í sér meiri starfsaldurshækkunir en áður var.

Rúmt ár er ekki lengi að líða. Fljótlega þarf

að setjast yfir áherslur fyrir næstu samninga og vonandi verða skilyrði í samfélaginu hagfelldari, þannig að hægt verði að tjalda til lengri tíma en einnar nætur. Þar hljótum við að horfa til vinnutímastýttingar á almenna markaðnum og fjölgunar orlofsdaga.

Næstu stóru kjarasamningarnir hjá félaginu eru við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, en þeir samningar eru lausir í lok mars. Venjan er sú, að þeir taki talsvert mið af samningum við ríkið, en þeir samningar eru einmitt lausir á sama tíma. Mjög fáir félagsmenn Hlífar eru á ríkissamningnum, en hann skiptir þó miklu máli fyrir þann stóra hóp sem vinnur á hjúkrunarheimilunum (á samningi við SFV).

Síðast en ekki síst bíða okkar kjarasamningar við sveitarfélögin, en þeir eru lausir 30. september 2023. Undirbúningur vegna þeirra er hafinn fyrir nokkru, einkum vegna þess hve Hafnarfjarðarbær hefur sýnt lítinn vilja til samstarfs um að leita lausna á málum sem upp hafa komið frá því að núgildandi samningur var undirritaður. Félagið hefur haft margvísleg samskipti við forsvarsmenn bæjarins. Lengi vel upplifðum við vilja hjá forystumönnum og æðstu embættismönnum, en ekkert hefur þokast. Vafalaust hafa tíð mannaskipti í hópi æðstu embættismanna ekki hjálpað til, en forystan er engu að síður sú sama.

EKKI sér fyrir endann á afleiðingum nýjasta útspils Hafnarfjarðarbæjar í leikskólamálu. Bæjaryfirvöld virðast ætla að láta

grundvallarbreytingar á starfinu og fyrirkomulagi þess ganga yfir án nokkurs samráðs við fulltrúa meirihluta starfsfólks í leikskólunum, en breytingarnar munu óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á hópinn.

EKKI hefur verið ákveðið hvort það þjónar hagsmunum þeirra sem eru á sveitarfélagasamningnum að félagið fari í samningaviðræður í samfloti með öðrum aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins, en þeirra hagsmunir eru að sumu leyti aðrir vegna samsetningar hópanna. Ákvörðun um það verður tekin þegar nær dregur og línur skýrast varðandi áherslur annarra félaga.

Sá sem þetta skrifar tók við stjórnartaumum í Verkalýðsfélaginu Hlíf á aðalfundi þess í apríl síðastliðnum. Tíminn sem síðan er liðinn, hefur verið afar lærdómsríkur og gefandi. Félagið er öflugt og vaxandi og þær breytingar á starfi félagsins sem settar voru af stað undir forystu Kolbeins Gunnarssonar, fráfarandi formanns, eru þegar farnar að skila sér. Félagsmönnum fjölga, þeir fá sífellt betri og markvissari þjónustu, þar sem lögð er áhersla á að mæta þeim á þeirra forsendum – þar sem þeir eru. Það er því bjart framundan hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf.

Að lokum langar mig til þess að nefna, að við fögnum því núna, að 110 ár eru frá því að Hjálmur kom fyrst út og þetta blað er því 110 ára afmælisblað.

SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGSINS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:15 til 16:00
Sími: 5100 800
Netfang: hlif@hlif.is

Veffang: www.hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Eypór Þ. Árnason
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason
Umbrot: Baldvin Baldvinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir: Binni og fl.

Ótrúlegur félagsfundur



Það var þétt setinn bekkurinn á félagsfundinum í Haukahúsinu.

Þriðjudaginn 22. nóvember 2022 efndi Verkalýðsfélagið Hlíf til félagsfundar í Haukahúsinu með félagsfólki sem starfar í leikskólum bæjarins. Þegar fólk fór að tínast til fundar rétt fyrir klukkan þrjú, var ljóst að gert hafði verið ráð fyrir allt of fáum stólum í salnum. Með aðstoð starfsfólks hússins tókst að bæta hratt og vel úr því og á endanum kom í ljós að ríflega 200 félagsmenn mættu á fundinn. Það er sjaldgæft að svo margir mæti á félagsfund í verkalýðsfélagi, með svo skömmum fyrirvara, en það undirstrikar hve þungar áhyggjur starfsfólkið í leikskólunum hefur af gangi mála.

Áform bæjarins hafa í för með sér mikla óvissu og það er augljóst að málið hefur ekki verið hugsað alla leið.

Á fundinum var farið yfir aðdragandann, samskipti við Hafnarfjarðarbæ og viðbrögð félagsins. Jafnframt gafst félagsmönnum tækifæri til að láta í ljós skoðanir, segja frá stöðunni á sínum vinnustað, viðbrögðum stjórnenda og fleira. Allt bar það að sama brunni. Undirbúningur Hafnarfjarðarbæjar á fyrirhuguðum breytingum á starfi og skipulagi leikskólanna er í skötulíki, upplýsingagjöfin mjög takmörkuð og almennu starfsfólki sýnt fullkomið skeytingar- og virðingarleysi.

Í lok fundarins var eftirfarandi ályktun samþykkt einum rómi:

Mjög fjölmennur félagsfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar með leiðbeinendum í leikskólum Hafnarfjarðarbæjar, ásamt stjórn og

trúnaðarmönnum félagsins, harnar framgöngu bæjarins við undirbúning breytinga á skipulagi leikskólastarfs í bænum.

Almennt starfsfólk hefur aldrei átt þess kost að velja fulltrúa til þátttöku í undirbúningnum og áform hafa hvorki verið kynnt fyrir félaginu né starfsfólkinu sjálfu, fyrr en eftir að forystumenn félagsins kröfðust þess. Forsvarsmenn bæjarins hafa blákalit haldið því fram á kynningarfundum með starfsfólki að þeir hafi kynnt forystu Hlífar breytingarnar með fullnægjandi hætti. Það er einfaldlega ósatt.

Af þeim kynningum sem þó hafa farið fram, er ljóst að enn eru fjölmargir endar lausir og enn er mörgum spurningum ósvarað.

Það liggur fyrir að ríflega helmingur starfsfólks í leikskólum Hafnarfjarðar er félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Hlíf. Það er enn fremur ljóst, að áformaðar breytingar munu hafa mikil áhrif á störf þess. Það er því í hæsta máta óeðlilegt að breytingar af þessari stærðargráðu séu undirbúnar án þess að nokkurt samráð sé haft við þennan hóp.

Áform bæjarins hafa í för með sér mikla óvissu og það er augljóst að málið hefur ekki verið hugsað alla leið. Þegar ekki er talað við helming

hópsins sem málið varðar, er hætt við að talsvert vanti upp á heildarmyndina.

Við fögnum því að einstakir starfshópar nái árangri í sinni kjarabaráttu. Við höfnum því aftur á móti, að viðsemjandinn, Hafnarfjarðarbær, velti auknu álagi sem af þessu hlýst á almennt starfsfólk leikskólanna.

Ekkert hefur komið fram á upplýsingafundum bæjarins um möguleg áhrif áformaðra breytinga á börnin í leikskólunum, þótt um það hafi verið spurt. Rót, óvissa og óstöðugleiki í starfsmannahaldi eru örugglega ekki það besta fyrir yngstu börnin.

Við fordæmum það fálæti og virðingarleysi sem Hafnarfjarðarbær hefur sýnt okkur á undanförunum misserum. Án okkar væru leikskólarnir óstarfhæfir. Ábyrgðin á því ef eitthvað fer úrskeiðis liggur öll hjá stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar.

Við munum fylgjast grannt með framkvæmdinni og leita réttar okkar umsvifalaust verði á okkur brotið. Við minnum jafnframt á, að það styttest í gerð næstu kjarasamninga og að framganga Hafnarfjarðarbæjar er ekki gott innlegg í þá vinnu.



Þannig virka MÍNAR SÍÐUR!


Á vefsvæði Verkalýðsfélagsins Hlífar á hver félagsmaður „Mínar síður“. Kerfið heiti Tótal og hefur verið í þróun hjá AFLi stéttarfélagi um nokkurra ára skeið, en er nú aðlagð þörfum félaga í Hlíf. Þú ert að opna fyrir ýmiss konar virkni og aðgerðir, svo sem umsóknir um orlofshús og sjúkrastyrki. Opnað verður fyrir umsóknir um fræðslustyrki í byrjun árs 2023. Hér verður vakin athygli á því helsta sem hægt er að gera á síðunum.



Innskráning – félagsmaður skráir sig inn á *Mínar síður* af *heimasíðu félagsins*, www.hlif.is. Hægt er að nota rafræn skilríki, Íslykil eða lykilorð sem félagið gefur út. Fyrirhugað er að hætta notkun eigin lykilorða á næstu mánuðum og eftir það verður aðeins hægt að nota rafræn skilríki eða Íslykil.

Þegar smelt er á **Rafræn innskráning**, flyst félagsmaður yfir á innskráningarsíðu Ísland.is og getur þar valið á milli þess að skrá sig inn með Íslykli eða farsímanúmeri.

Enn er hægt að skrá sig inn með lykilorði, en það er samt háð því að félagið eigi netfang félagsmanns í gagnagrunni.



Persónublað félagsmanns

Persónublaðið veitir góða yfirsýn yfir stöðu hvers félagsmanns. Á því má finna yfirlit yfir félagsgjöld (sem endurspegla heildarlaun), skipt eftir mánuðum og atvinnurekendum. Jafnframt má sjá réttindi í sjóðum og hvernig þau hafa verið nýtt. Í flestum tilvikum er hægt að sækja ítarlegri upplýsingar um hvert atriði.


1. Félagssmaður á sérstaka flipa fyrir flest undirkerfi Tótal. Þannig er hægt að sjá alla styrki úr sjúkrasjóði, yfirlit yfir sjúkradagpeninga, orlofsleigur, fræðslustyrki og iðgjaldasögu yfir lengri tíma en birtist á persónublaðinu.
2. Tungumálafáni sýnir á hvaða tungumáli félagsmaður skoðar **Mínar síður**. Það hjálpar starfsfólki að ákveða á hvaða tungumáli til dæmis skeyti til viðkomandi félagsmanns fara. Þegar send eru fjöldaskeyti á marga félagsmenn og þau eru á þremur tungumálum – ræður þessi merking hvaða skeyti hver félagsmaður fær.
3. Hér er hægt að breyta hluta persónuupplýsinga, svo sem að setja inn eða breyta upplýsingum um símanúmer, netfang og bankareikning. Einnig er hægt að skrá annað pósthafing ef félagsmaður hefur aðsetur annars staðar en á lögheimili.

4. Hér er hlekkur til að bóka orlofsíbúð eða orlofshús. Einnig kemur fram hversu marga leigudaga félagsmaður getur bókað.
5. Hér eru hlekkir til að sækja annars vegar um styrk úr sjúkrasjóði og hins vegar sjúkradagpeninga. Einnig kemur hér fram hversu mikil réttindi félagsmaður hefur. Félagssmaður sem er að hefja störf getur verið nokkra mánuði að öðlast 100% rétt.
6. Hér er hlekkur á umsókn úr menntasjóðum og hér sést í hvaða menntasjóðum félagsmaður á réttindi. Ef félagsmaður á rétt í tveimur menntasjóðum, samtals 100% - leggur félagið réttinn saman til að greiða fullan styrk. Rafrænar umsóknir um styrki úr fræðslusjóðum verða virkjaðar í byrjun ársins 2023.
7. Yfirlitsslugginn yfir Félagsmannasjóð birtist eingöngu hjá þeim sem starfa eftir **sveitarfélagasamningnum**, það er hjá starfsfólki; Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Hjallastefnunnar og öðrum sjálfstæðum skólum.
8. Hér er **flytissýn** á það sem er í gangi hverju sinni – sem sagt tvær síðustu hreyfingar í hverjum flokki í kerfinu.



Að bóka orlofseign

Til að komast inn á bókonarsíðuna, er smellt á **Bóka orlofseign** í orlofsrammanum á persónublaðinu.




Á bókonarsíðunni sjást landsvæðin með orlofseignum félagsins. Þegar smellt er á eitthvert svæðið (Munaðarnes í þessu dæmi) opnast listi yfir eignirnar þar og um leið sést bókonarstaða hverrar eignar á viðkomandi tímabili.

Bókonarflipi

Hægt er að framkvæma ýmsar aðgerðir og fá upplýsingar þegar farið er á bókonarflipann á **persónublaðinu**, svo sem yfirlit yfir fyrri leigur og fleira.

1. Félagsmenn geta nálgast leigusamning sinn hér um leið og leiga er fullgreidd. Leigusamningur verður ekki til fyrr en leiga er greidd – en þá birtist hann hér í pdf formi.
2. Ef félagsmaður vill fá leigusamninginn í tölvupósti er nóg að smella á umslagjö.
3. Óski félagsmaður eftir að setja athugasemd við leigu – til dæmis ábendingu til félagsins um eitthvað sem betur má fara – er hægt að gera það hér.
4. Þegar félagsmaður bókar orlofsleigu, þarf að greiða 1.000 króna staðfestingargjald. Um leið stofnast krafa í heimabanka félagsmanns, fyrir eftirstöðvum leigufjárhæðar. Kröfuna þarf að greiða í síðasta lagi 10 dögum fyrir upphaf leigu, annars fellur leigan niður.



Að sækja um styrk



Þegar smelt er á Sækja um styrk í sjúkrasjóðsrammanum á persónublaðinu, birtist þessi síða.

1. Það fyrsta sem þarf að velja er tegund styrks úr felliglugga, til dæmis Hjartavernd. Þá birtast upplýsingarnar á skýringarmyndinni. Þar kemur fram, hver er hámarksfjárhæð þessarar styrktegundar, hvaða gögnum þarf að skila og hvaða skilyrði gilda um þennan tiltekna styrk. Þessar upplýsingar eru mismunandi eftir því hvaða styrkur þetta er.
2. Næst er að hlaða upp þeim gögnum sem þurfa að liggja fyrir til að hægt sé að afgreiða umsókn, til dæmis greiðslukvittun.
3. Skrá þarf upplýsingar um útgefanda kvittunar.
4. Upplýsingar um umsækjanda þurfa að liggja fyrir, svo sem; nafn, kennitala, farsími, netfang og bankaupplýsingar. Öðruvísi er ekki hægt að ljúka afgreiðslu. Liggja þessar upplýsingar fyrir í kerfinu, birtast þær sjálfkrafa hér.
5. Hér birtast upplýsingar um réttindi umsækjanda í sjóðnum til að fá þann styrk sem verið er að sækja um.
6. Hafi atvinnurekandi ekki skilað inn réttum iðgjöldum, er hægt að leiðrétta það með því að hlaða upp launaseðli og slá inn iðgjaldafjárhæð. Mistök eða trassaskapur atvinnurekanda á ekki að bitna á félagsmanni.

Sjúkradagpeningar

Umsóknarform fyrir sjúkradagpeninga lítur að flestu leyti út eins og formið fyrir styrkina. Mestu munar, að skila þarf inn ýmsum viðbótartvottorðum, svo sem læknisvottorði og vottorði atvinnurekanda, auk upplýsinga um persónuafslátt.

Umsókn í menntasjóði

Umsóknarformið fyrir styrki úr menntasjóði er í langflestum atriðum sambærilegt við umsóknir úr sjúkrasjóði. Félagsmenn í Hlíf geta átt rétt á styrkjum úr þremur menntasjóðum, eftir því hvaða kjarasamningi þeir starfa samkvæmt. Kerfið velur réttan sjóð. Umsækjandi þarf fyrst að velja tegund styrks úr felliglugga. Næst þarf hann að hlaða upp kvittun og skrá upplýsingar um útgefanda kvittunar. Loks þarf umsækjandi að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir um netfang, símanúmer og bankareikning, til að hægt sé að afgreiða styrkinn.

Félagsmannasjóður

Félagsmannasjóður er fyrir félagsmenn sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningum félagsins við Samband íslenskra sveitarfélaga. Greitt er úr sjóðnum 1. febrúar ár hvert og fyrir 1. febrúar 2023 verður búið að setja upp umsóknarform. Félagsmenn sem félagið er með allar upplýsingar um, þurfa ekki að sækja sérstaklega um þessa greiðslu. Vanti hins vegar upplýsingar, svo sem um bankareikning eða annað, munu félagsmenn sem eiga inni í sjóðnum geta smelt á umsóknarhapp og fyllt inn nauðsynlegar upplýsingar til að fá styrkinn afgreiddan.

www.hlif.is

Kolbeinn Gunnarsson, fráfarandi formaður og heiðursfélagi, Lena S. Kristinsdóttir og Ólafur Pétursson, sem bæði voru sæmd gullmerki, ásamt formanni félagsins, Eyþóri Þ. Árnasyni.



Formanns- og varaformannsskipti

Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var 27. apríl 2022, urðu formannsskipti í félaginu. Eyþór Þormóður Árnason, sem hefur verið varaformaður undanfarin ár, tók við formennsku af Kolbeini Gunnarssyni, sem hefur verið formaður allt frá árinu 2002, eða í tvo áratugi.

Varaformaður var ekki í kjöri þetta árið

(hellingur stjórnar er kjörinn annað hvert ár). Við slíkar aðstæður velur stjórn varaformann úr sínum hópi til næsta aðalfundar. Strax að loknum aðalfundi kom stjórn saman og kaus sem varaformann, Gundegu Jaunlinina.

Á aðalfundinum lét Lena Sædis Kristinsdóttir ritari af störfum í stjórn, en hún gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Kolbeinn Gunnarsson tók við sem ritari í hennar stað.

Gullmerki og heiðursfélagi

Á fundinum voru þrjú félagsmenn sæmdir gullmerki félagsins, fyrir fórnfúst starf í þágu félagsmanna, þau Ólafur Pétursson, sem lét af störfum í stjórn fyrir nokkru, Lena Sædis Kristinsdóttir og Kolbeinn Gunnarsson. Jafnframt var Kolbeinn gerður heiðursfélagi.

Bylting í innheimtu iðgjalda

Í byrjun febrúar 2022 tók Hlíf yfir móttöku skilagreina frá fyrirtækjum og öðrum launagreiðendum, vegna iðgjalda í félagssjóð, sjúkrasjóð, orlofsjóð og menntasjóð, auk félagsmannasjóðs í tilvikum þeirra sem vinna samkvæmt sveitarfélagasamningi. Jafnframt tók félagið yfir innheimtu þessara gjalda. Áður hafði Gildi-lífeyrissjóður séð um móttöku skilagreina og innheimtuna um árabíl, gegn þóknun.

Skilagreinarar berast nú beint inn í félagakerfið og þegar þær hafa verið

yfirfarnar og leiðréttar í þeim tilvikum þar sem um villur er að ræða, stofnast eða uppfærast réttindi viðkomandi launamanna í sjóðum félagsins, óháð því hvort greiðsla hefur borist frá atvinnurekendum. Í framhaldi stofnast krafa í heimabanka launagreiðanda, hafi hann ekki samið um að millifæra án kröfu.

Aukið gagnsæi

Talsverð vinna hefur tengst innleiðingu skilagreinaakerfisins. Þegar innleiðingunni er að fullu lokið, mun þetta fyrirkomulag



leiða til mikils hægræðis fyrir félagið sjálft og starfsfólk þess og yfirsýn yfir fyrirtæki og félagsmenn stóreykst. Félagsmenn munu sjá réttindi sín jafnóðum og geta auðveldlega fundið út hvort launagreiðandi hefur staðið skil á greiðslum í sjóði. Jafnframt sparast talsverðir fjármunir í innheimtukostnað.

Kynning á starfsfólki Hlífar

Langar að eiga fram tíð í verkalýðs- hreyfingunni



Alma Pálmadóttir hóf störf sem kjaramálafulltrúi á skrifstofu Hlífar um miðjan nóvember 2022. Hún býr ásamt fjölskyldu sinni í Kópavogi, en ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og gekk í Melaskóla og Hagaskóla. Alma er 36 ára gömul, á sambýlismann og eina dóttur.

Alma er með BS-gráðu í sálarfræði og diplóma í öldrunarfræðum. „Ég vann hjá Eflingu í þrjú og hálf ár, eða þar til öllu starfsfólki var sagt upp síðastliðið vor. Ég ákvað að sækja ekki um aftur þegar öll störfín voru auglýst. Þar á undan vann ég við umönnun aldraðra hjá Reykjavíkurborg.“

Starf kjaramálafulltrúa felst einkum í að aðstoða félagsmenn í kjaramálum, túlkun kjarasamninga og að aðstoða félagsmenn við að leita réttar síns ef ljós kemur að þeir eru að einhverju leyti hlunnfarnir af atvinnurekendum. „Það fer allt eftir eðli máls hvernig með það er farið. Stundum eru einfaldar skýringar, en stundum er verið að brjóta á fólki og þá getur

málið próast í að skrifa þurfi kröfur og jafnvel leita liðsinnis lögfræðinga.“

Beint í djúpu laugina

Ölmu lýst vel á nýja starfið, aðstöðuna og samstarfsfólkið. „Mér finnst mjög gott að vera hérna, gott fólk og verkefnið svipuð því sem ég er vön og þekki vel. Ég þarf ekki að byrja í neinni starfsþjálfun og get stokkið beint út í djúpu laugina.“

Alma hefur tekið þátt í ýmsum félagsstörfum á vegum verkalýðshreyfingarinnar og hefur ánægju af slíkum störfum. „Ég hef mikinn áhuga á verkalýðsmálum og störfum þeim tengdum. Ég komst inn í verkalýðshreyfinguna 2015, þegar ég var trúnaðarmaður. Ég var þínd í það af samstarfsfólki, en fékk strax brennandi áhuga þegar ég fór á trúnaðarmannanámskeið. Efling sendi mig á allt sem tengdist ungu fólki, hjá ASÍ og SGS, og ég endaði í stjórn ASÍ-UNG 2016. Ég fann mig þarna. Mig langar að eiga fram tíð í verkalýðshreyfingunni“, segir Alma kjaramálafulltrúi að lokum.

Allt viðhald fasteigna

TRÉSMÍÐJAN OKKAR EHF.

**Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s. 894 4025**



Magnús S. Magnússon, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Alise Lavrova, starfsmaður eftirlitsins, Eyþór P. Árnason, formaður Vlf. Hlífar og Hörður Guðbrandsson, formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur.



Samstarf um vinnustaðaeftirlit



Hlíf og þrjú verkalýðsfélög á Suðurnesjum hafa tekið upp samstarf um vinnustaðaeftirlit. Hin samstarfsfélögin þrjú eru Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis.

Um er að ræða tímabundið samstarfsverkefni, sem hægt verður að framlengja ef þörf verður til staðar í lok tímabilsins og félögin

hafa hug á að vinna áfram saman.

Alise Lavrova hefur verið ráðin starfsmaður eftirlitsins. Alise hefur viðtæka reynslu af vinnustaðaeftirliti og hóf störf um miðjan september, þannig að nokkur reynsla er komin á starfið. Rætt er stuttlega við Alise hér í blaðinu.

Vinnustaðaeftirlitið er hluti af „Vinnustaðaeftirliti ASÍ“ og starfar náið með öðrum þátttakendum í því. Í því felst meðal

annars, að kerfi ASÍ er nýtt til skráningar og utanumhalds um mál og nýráðinn starfsmaður eftirlitsins tekur virkan þátt í fundum og samráði með öðrum félögum.

Eftirlitið hefur bækistöð á skrifstofu Hlífar, en starfsmaðurinn er einnig með aðstöðu á skrifstofum hinna samstarfsfélaganna, þegar eftirlitið fer fram á þeirra félagssvæðum.

Styrkir hjá Starfsafli, Flóamennt og Námskeiðssjóði Vlf. Hlífar

Styrkir hjá Flóamennt, Starfsafli og Námskeiðssjóði Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sem hér segir:

Árleg fjárhæð styrks er 130.000
Miðað er við að greitt sé allt að 90% af kostnaði.

Þriggja ára styrkur (ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár) er allt að 390.000 krónur fyrir eitt samfellt námskeið eða nám.

Tómstunda- og lífsleiknistyrkir eru 30.000 krónur.





Um það bil helmingur brota er af ásetningi

- segir Alise Lavrova hjá vinnustaðaeftirliti verkalyðsfélaganna

Alise Lavrova var ráðin og hóf störf í september, til að halda utan um tilraunaverkefni verkalyðsfélaganna fjögurra, sem eru Hlíf, Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalyðsfélag Grindavíkur og Verkalyðs- og sjómannafélag Sandgerðis.

Alise er frá Lettlandi, en hefur búið á Íslandi frá árinu 2009. Upphaflega ætlaði hún ekki að setjast hér að, kom fyrst sem ferðamaður og ætlaði að vera í nokkra mánuði. Hún er hér enn og lítur nú á Ísland sem heimili sitt.

„Mér finnst eins og ég hafi alist upp hérna,“ segir Alise. „Það er eins og lífið taki stjórna og hér á ég heima. Fjölskyldan er hér, vinirnir og allt mitt félagslíf. Ég var tuttugu og eins þegar ég kom hingað og hef því verið hér öll fullorðinsárin.“ Aðspurð segist hún mest hafa unnið í ferðamannageiranum, á hótelum og veitingastöðum. „Ég hef unnið sem þjónn, kokkur og flest annað sem því tengist.“

Byrjaði félagsstörf sem trúnaðarmaður á hóteli

Alise vann á hóteli í Reykjavík þegar Efling átti í verkfallsaðgerðum og hún gerðist þátttakandi. Hún var trúnaðarmaður á vinnustaðnum og hóf að mæta á fundi hjá félaginu. Þar kynntist hún öðru fólki í svipuðum aðstæðum, fólki sem starfaði á öðrum hótelum. „Við vorum hópur fólks sem hafði áhuga á sömu málefnum, þótt við kæmum úr ólíkum áttum. Ég fór síðan að vinna hjá Eflingu árið 2020. Ég lét mig dreyma um að vera sú sem

væri á vettvangi og tengdi saman Íslendingana og útlendinga á vinnumarkaðnum.“ Alise segir útlendinga ekki haft aðgang að miklum upplýsingum á vinnustöðunum, oft vegna tungumálaörðugleika, þótt það hafa lagast talsvert á undanförunum árum. „Þegar ég heimsæki vinnustaðina, finnst mér ég oft geta tengt fólkið við félagið og hreyfinguna, ekki síst af því ég get bjargað mér á nokkrum tungumálum.“

Eftirlitsheimsóknir eru skipulagðar sameiginlega af eftirlitsfulltrúum nokkurra félaga og oftast er farið í þær í samfloti með öðrum félögum. „Ég vona að þetta samstarf muni styrkjast og aukast enn meira í framtíðinni. Við erum með lista af fyrirtækjum sem við megum heimsækja, byggt á samkomulagi ASÍ og SA um vinnustaðaeftirlit. Vonandi bætast fleiri atvinnugreinar inn á þann lista í komandi samningum.“ Í heimsóknunum er reynt að ná sambandi við fólk, kannað hvernig farið er með réttindi starfsfólksins og þess háttar. „Við leikum heimsóknirnar af fingrum fram og hvað við spyrjum um. Það fer eftir tilfinningunni sem við fáum þegar við komum á staðinn. Núna virðast flóttamenn vera heitasta málið. Við reynum að upplýsa fólk um grundvallarréttindi og að hægt sé að leita til verkalyðsfélagsins eftir frekari upplýsingum og stuðningi. Oftast erum við með prentað upplýsingaefni sem við skiljum eftir; bæklinga frá ASÍ, Stígamótum og fleiri aðilum. Efnið er misjafnt og fer eftir tilfinningunni sem

við fáum í hverri heimsókn. Stundum hittum við fólk sem hefur verið hér í mörg ár og stundum fólk sem stoppar stutt.“ Í heimsóknunum er oft beðið um ráðningarsamninga og launaseðla. „Oftast sjáum við fljótt á ráðningarsamningum og launaseðlum hvort eitthvað vantar upp á eða hvort allt er í lagi.“

Launabjórnaður og kennitöluflack

Þegar Alise er spurð hvort þau rekist oft á vandamál í þessum heimsóknunum, stendur ekki á svarinu. „Svo sannarlega. Aðallega launabjórnaður. Það var ekki heimilt að fara í vinnustaðaheimsóknir meðan á Covid



Alise Lavrova



Vissulega rekumst við stundum á enn alvarlegri mál en launabjófnað, en hann er þó algengastur.

faraldrinum stóð og ýmislegt hefur breyst á þeim tíma. Það er mikið af nýjum fyrirtækjum og ferðamannaíðnaðurinn er að rétta úr kútnum. Vissulega rekumst við stundum á enn alvarlegri mál en launabjófnað, en hann er þó algengastur."

Alise segist halda að þegar þau rekist á misbresti í að lögum og kjarasamningum sé fylgt, þá sé líklega í helmingi tilvika um að ræða kæruleysi, skort á þekkingu eða mistök, en hinn helmingurinn sé ásetningur. „Þegar fyrirtæki vita ekki hvernig á að gera hlutina, til

dæmis af því að þau eru ný og hafa ekki kynnt sér regluverkið nógu vel, eða lögum hefur verið breytt án þess að þau hafi áttað sig á því, þá er yfirleitt ekki erfitt að leiðrétta hlutina.“ Hún segir málin aftur á móti geta verið flóknari í hinum helmingi tilvika. „Því miður er lagasetning á Íslandi oft óljós og hlutir á gráu svæði. Stundum eru engin viðurlög við brotum. Allmargir aðilar sem stunda launabjófnað beita kennitölflakki til að koma sér undan málum. Sumir komast upp með það svo árum skiptir. Vonandi verður tekið á þessu í næstu samningum.“

Fólk tortryggið til að byrja með

Alise segir fólk stundum tortryggið þegar eftirlitsfulltrúarnir mæta á staðinn, bæði eigendur og starfsfólkið sjálf. „Fólk er misjafnt, en oftast finnum við leiðir til að nálgast og

tala við flesta. Þegar við byrjum að tala saman, áttar fólk sig fljótt á því að við erum komin til að aðstoða og færa þeim tæki til að bregðast við brotum á samningum og réttindum.“ Að sögn Alise er misjafnt hvað brennur á fólki og sum viðfangsefni séu árstíðabundin. „Núna, til dæmis, eru spurningar í sambandi við desemberuppbót algengastar.“

„Ég hef ástríðu fyrir þessu starfi og mér þykir vænt um það,“ segir Alise. „Ég hef á tilfinningunni að vinnumarkaðurinn sé smám saman að breytast, en hægt þó. Ef ég horfi yfir tímabilið frá því ég kom til Íslands, þá hefur ýmislegt breyst. Núna er til mikið af upplýsingum sem ekki voru til þá. Verkalýðsfélögin hafa til dæmis látið útbúa mikið af upplýsingum á mörgum tungumálum. Breytingin er ekki hröð, en hún er að eiga sér stað,“ segir Alise Lavrova að lokum.



Mig er farið að dreyma á íslensku

- segir Lucyna Bednarek, sem settist að á Íslandi fyrir röð tilviljana



Lucyna Bednarek kom fyrir 16 árum til Íslands til að vinna, fyrir áeggjan vinar síns. Starfsferillinn byrjaði ekkert sérstaklega vel, en núna er Lucy, eins og hún er oftast kölluð, búin að koma sér vel fyrir, mennta sig og eignast fjölskyldu. Lucy segist ekkert vera á leiðinni burt. Hún eigi heima á Íslandi og sjái fyrir sér að eiga hér heima áfram.

Lucy er fædd í Póllandi, í borginni Slupsk, sem er um 120 kílómetra norður af Gdansk. „Þar átti ég heima þar til ég var 18 ára. Þá flutti ég til stórborgarinnar Wrocław og bjó þar í rúmlega ár en flutti svo aftur heim til Slupsk. Þar hitti ég vin minn sem hafði búið á Íslandi í nokkur ár. Hann spurði hvort ég vildi ekki koma til Íslands til að vinna. Af hverju ekki að prófa, hugsaði ég.“

Allt gekk á afturfótunum

Eftir að Lucy kom til Íslands, fékk hún vinnu hjá Foodex í Garfargötu, fyrirtæki sem er ekki starfrækt lengur. „Þarna vann ég alla daga eins og brjálæðingur á 12 tíma vöktum. Svo fékk ég útborgað eftir einn mánuð. Ég



Lucy og Jóhannes með dætrunum á góðri stund.

fékk 30 þúsund. Ég spurði af hverju þetta væri svona lítið eftir svona mikla vinnu og var sagt að þeir væru að loka fyrirtækinu og það væru ekki til meiri peningar.“

Með þessar 30 þúsund krónur í höndunum þurfti Lucy að ákveða hvort hún ætlaði að kaupa sér flugmiða til Póllands, eða borga fyrir herbergið sem hún leigði hjá vinafólki vinar síns. „Ég borgaði 15 þúsund fyrir herbergið og átti þá 15 þúsund eftir.“ Lucy ákvað sjálf að leita sér að vinnu, gekk á milli atvinnurekenda og spurði hvort það vantaði starfskraft. „Þetta var erfiður tími, ég átti litla peninga og það var ískalt hérna þá“ segir Lucy. Hún fékk vinnu í Háskóla Íslands, við skúringar. Einhvern tíma var hún að fletta Fréttablaðinu og rakst á auglýsingu á ensku, þar sem maður auglýsti eftir fólki í byggingarvinnu; í smíðar, pípulagnir, flísalagnir og þess háttar. „Það voru margir Pólverjar að vinna í byggingarvinnu við háskólann á þessum tíma og þegar ég fór út með ruslið og svona, þá rakst ég á nokkra Pólverja. Ég sagði þeim frá auglýsingunni sem ég hafði rekið á og spurði hvort þeir vildu ekki koma með mér og spyrja um vinnu?“ Þannig kynntist hún verðandi manningunum sínum, Jóhannesi Skúlasoni. Pólverjarnir fóru að vinna hjá honum. „Síðan var ég einhvern tíma á Kaffi París með vinafólki og hann var þar. Hann sagði: „Heyrðu – ég þekki þig. Viltu ekki bara sitja með okkur?“ Við kynntumst betur eftir þetta og eignuðumst fyrsta barnið, Viktoríu Rós, eftir eitt ár. Hún er núna 14 ára.“

Fjórum árum síðar eignuðust hún og

Jóhannes eiginmaður hennar, aðra dóttur, Ísabellu Rós. „Ég var að vinna hjá Hrafnistu í Boðasölum og lenti þar í erfiðum vaktstjóra, sem var kona. Ég var ólétt og leið illa og fór í veikindaleyfi út af verkjum í baki. Hún varð mjög reið þegar ég veiktist og Jóhannes fór með læknavottorð til hennar.“

Formsatriði var ekki fullnægt

„Þegar ég mætti til vinnu eftir fæðingarorlofið, var að setja á mig svuntuna og ætlaði inn í eldhús að vinna, kom vaktstjórinn til mín og spurði: „Hvað ert þú að gera hér?“ Ég sagðist vera búin í fæðingarorlofinu og væri að byrja að vinna aftur. „Nei, þú ert rekin,“ sagði vaktstjórinn.“ Í ljós kom, að Lucy var rekin af því að formsatriði var ekki fullnægt. Hún hafði ekki fyllt út eyðublað þegar hún veiktist, sem segði hvenær hún kæmi til baka. „Ég vissi ekkert að ég þyrfti að fylla það út og enginn sagði mér frá því,“ útskýrir Lucy. „Ég vissi ekki einu sinni að það væri til svoleiðis eyðublað.“

Þegar þetta gerðist, vissi Lucy ekki að hún gæti leitað hjálpar hjá verkalyðsfélaginu. Hún var ekki von því frá Póllandi og réttindi fólks og aðstoð félaganna þar væru ekki jafn mikil og hér. „Ég held að það hafi verið viljandi gert hjá vaktstjóranum að láta mig ekki vita hvaða réttindi ég ætti og hvaða eyðublað þyrfti að fylla út.“

Þriðja barnið

Lucy var að vinna í Laugardalshöllinni, við

að skúra, undirbúa tónleika og þess háttar, þegar hún og Jóhannes eignuðust þriðju dótturina, Sýlvíu Rós, sem í dag er 6 ára. „Þetta var mjög góður vinnustaður og gott fólk sem ég vann með. Ég ákvað samt að fara ekki aftur þangað eftir fæðingarorlof. Við áttum heima í Hafnarfirði og það var langt að fara.“ Henni þótti þó gott að vinna þarna og fékk mikla hjálp við að læra íslensku. Boðið var upp á íslenskukennslu í vinnutíma og það var stutt að fara. „Vinnan borgaði skólann og ég var á launum á meðan. Þegar ég var búin með allt sem ég gat lært þar, sagði kennarinn að ef ég vildi læra meira, gæti ég farið á skrifstofubraut í MK í Kópavogi.“ Og þangað fór hún. Námið þar var eins árs nám, sniðið að þörfum útlendinga sem vildu læra íslensku, bókfærslu og þess háttar. Námið fram fór á kvöldin, frá fimm til átta. „Þarna lærði ég mikið í íslensku,“ bætir Lucy við.

Eftir þetta fór Lucy að vinna í Leikskólanum Stekkjarási, hálfan daginn í eldhúsinu og hálfan daginn inni á deild. Hún hætti eftir fimm ár og fór að vinna sem matráður í Heilsuleikskólanum Hamravöllum, sem þá var rekinn af einkafyrirtæki. Hún fór aftur í MK, að læra að verða matsveinn. Það var kvöldskóli, frá fimm til níu. „Það var erfiður tími, mikið nám og ég að vinna til fjögur, með þrjú börn, og svo í skólann klukkan fimm. Það var því ekki mikill tími til að sinna börnunum. Tengdamóðir mín hjálpaði okkur mjög mikið með börnin. Þegar ég kom heim eftir klukkan níu á kvöldin, þurfti að vinna verkefni fyrir næsta dag.“ Skólinn tók eitt og hálf ár. Allt var kennt á íslensku. „Þetta var mjög skemmtilegt nám og mér gekk mjög vel, útskrifaðist með 9,5 í meðaleinkunn.“

Lucy vildi læra meira. Henni var sagt að hún gæti farið í kokkanám, en treysti sér ekki til að lifa af nemalaunum þann tíma sem það tæki. „Þá var mér bent á að ég gæti lært matartækni og að vinna með sérfæði. Það hentaði mjög vel, því ég þurfti talsvert að vinna með sérfæði í leikskólanum.“ Að loknu sumarleyfi settist hún því aftur á skólabekk á kvöldin. Þangað fór hún að loknum vinnudegi og var í skólanum alla virka daga til tíu á kvöldin. „Þetta var auðvitað mjög erfitt, í vinnu og með fjölskyldu og þrjú börn. Ég ákvað samt að þetta væri bara tímabil sem tæki enda og að ég yrði að gera þetta, fyrir sjálfa mig. Ég lærði eins og ég er von og hafði mikinn áhuga. Ég var samt viss um að íslensk kona, sem var með mér í náminu og gekk alltaf mjög vel, fengi hæstu einkunnirnar. Ég varð því mjög hissa þegar



Jóhannes með dætrunum í Póllandi.

ég var kölluð upp á svið í útskriftinni. Ég fékk viðurkenningu fyrir bestan árangur og var með 9,9 í meðaleinkunn, með hæstu einkunn í bekknum,“ segir Lucy og stoltið leynir sér ekki. „Ég hætti í námi eftir þetta, þótt ég geti alltaf byrjað aftur ef ég vil og orðið kokkur til dæmis. Ég lét meta mig hjá lðunni og þyrfti líklega að bæta við mig einu ári í verklegu og einu og hálfu í bóklegu námi til að klára kokkanám. Það er ekki á dagskrá núna, en hver veit hvað síðar verður.“

Hittumst öll í Póllandi

Móðir Lucy býr í Slupsk í Póllandi, en faðir hennar er látinn. Hún á tvær systur, sem báðar búa í Bretlandi. „Við hittumst stundum í Póllandi. Það var auðvitað ekki hægt að fara á Covid-tímanum, en við fórum núna í sumar og hittumst öll heima hjá mömmu.“ Dæturnar tala ekki pólsku, en skilja dálítið. „Ég talaði stundum við elstu dótturina á pólsku, en svo þegar hún fór í leikskóla og ég í skóla, þá minnkaði það mjög mikið. Ég er samt viss um að þetta væri fljótt að koma, ef þær væru einhvern tíma með mömmu í Póllandi. Það er ekki mikil þörf á því í minni fjölskyldu hér að tala pólsku og flestir vinir mínir eru Íslendingar. Ég er sjálf farin að ryðga í pólskunni og er ekki í miklu sambandi við aðra Pólverja hér. Þegar ég kem til Póllands finnst fólki ég tala skritna pólsku og ég á ekki eins auðvelt með að skrifa hana og áður og er

farin að gleyma pólskum orðum. Mig er farið að dreyma á íslensku.“

Lucy líkar vel við Íslendinga og finnst þeir almennilegt fólk. Hún segist tvívegis hafa upplifað að henni hafi verið hafnað í vinnu þegar hún sagðist vera Pólverji, en annars hafi hún ekki fundið fyrir mismunun eða slæmum viðhorfum. „Mér finnst hafa verið vel tekið á móti mér á Íslandi. Annars voru Íslendingar opnari fyrir útlendingum þegar ég kom hingað fyrst árið 2006. Núna nenna þeir ekki að bíða á meðan fólk reynir að tjá sig á íslensku, þeir skipta næstum strax yfir í ensku. Þetta er ekki gott. Ég vil tala íslensku á Íslandi og veit að það eru margir sem vilja gera það.“ Lucy segir að erfitt sé að finna réttu leiðina. Núna sé allt þýtt, svo sem í bankanum og hjá læknum, og það sé líka hægt að panta túlk. „Þetta er að sumu leyti gott, en það getur líka haft þau áhrif að fólk er lengur að læra íslensku ef það þarf ekki að nota hana. Það á að leggja meiri áherslu á að fólk læri íslensku. Það er meira að segja hægt að fara til tannlæknis sem talar pólsku. Fólk segir stundum við mig að það sé ekki skrítið að ég tali íslensku, af því að ég á íslenskan mann, en hann kenndi mér ekki íslensku, við töluðum alltaf ensku saman fyrst. Ég byrjaði sjálf að læra íslensku og reyna að tala hana. Fyrst blandaði ég henni saman við ensku en svo einn góðan veðurdag talaði ég bara íslensku. Tengdamamma mín talaði alltaf íslensku við



Lucy stödd í Gdansk með Viktoríu Rós, Isabellu Rós og Sylvíu Rós.

mig og ég lærði mikið af því, en ég held að ég hafi lært mest í skólanum.”

Gott að læra málið í leikskóla

Lucy segir að leikskólar séu mjög góðir staðir til að læra íslensku. „Útlendingur sem vinnur með litlum börnum, lærir með þeim og af þeim. Ég hef séð það gerast. Þú lærir tungumálið af börnunum. Orðaforðinn er ekki mikill hjá ungum börnum og þeir sem vinna með þeim læra hann fljótt og bæta svo við um leið og börnin. Svo þarf auðvitað að fara á námskeið. Þú lærir ekki íslensku ef þú vinnur með Pólverjum allan daginn og talar ekki annað en pólsku, hittir svo Pólverja á kvöldin og talar aldrei íslensku. Hvernig áttu að læra málið ef þú notar það aldrei?” Lucy segist lesa íslenskar bækur og Yrsa sé í uppáhaldi. Hún kaupir stundum pólskar bækur, en finnst orðið auðveldara að lesa á íslensku.

Hún segir að feimnin við að tala málið sé stærsti þröskuldurinn. Það hafi tekið hana fimm ár að yfirstíga þann þröskuld. Núna geti hún bjargað sér ágætlega á íslensku og þurfi ekki túlk til að fara til læknis eða í banka. „Og ég tala við þig á íslensku,” segir hún og brosir. Hún segist læra mikið við að aðstoða dætur sínar við skólaverkefni. „Það er erfiðast með þessa fjórtán ára, af því að hún er komin svo langt fram úr mér. Þegar ég er spurð af hverju börnin mín tali ekki pólsku, þá á ég ekki annað svar en það, að við búum á Íslandi og ætlum að gera það í framtíðinni. Ef þau vilja læra pólsku þá gera þau það á sínum

forsendum og ég hjálpa þeim. Ef mamma mín væri hér, þá töluðu þau örugglega meiri pólsku.”

Lucy segir mikinn mun á lífsgæðum á Íslandi og í Póllandi. Þar sé vinnudagurinn miklu lengri og fólk sé oft þreytt. Margir hafi komið hingað í leit að betra lífi, en eyði svo fríum í Póllandi. Flest sé ódýrara þar, en launin séu lægri. Réttur til sumarleyfa sé skemmri í Póllandi en á Íslandi og ýmis réttindi sem séu sjálfsgagt mál hér, séu veikari þar. Desemberuppbót þekkist til dæmis ekki þar og sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga séu mun sterkari hér. Annað sé aftur á móti ekki síðra í Póllandi, til dæmis ókeypis tannlæknþjónusta og heilsugæsla. Að vísu geti þurft að bíða eftir tíma og hægt sé að fá þessa þjónustu á einkareknum stofum. „Það er dýrt og það hafa alls ekki allir efni á því.”

Getur ekki borðað lambakjöt

Fjölskyldan býr á Völlum í Hafnarfirði og hefur gert síðan 2007. Þegar þau kynntust rak Jóhannes símsvörunarfyrirtæki, en fór síðan að vinna hjá Ríkisútvarpinu, við að markaðssetja íslenskt efni erlendis og kaupa inn efni. Eftir að hann hætti sem starfsmaður RÚV, hefur hann sinnt verkefnum af þessu tagi sjálfstætt. Núna rekur hann pakkasendingaþjónustu og keypti nýlega matsölustað ásamt félagu sínum. Lucy vinnur núna í Leikskólanum Hamravöllum. „Hamravellir eru góður vinnustaður. Þar er gott fólk og góður starfsandi. Leikskólastjórinn er frábær og mismunar ekki

fólki eftir því hvaðan það kemur.”

Lucy segist borða flestallan íslenskan mat. „En ég borða ekki lambakjöt. Ég get eldað það og finnst lyktin góð, en ég get ekki borðað það, nema soðið af kjötsúpu. Ég vildi að ég gæti það. Ég borða svínakjöt og kjúkling, en ég er samt hrifnust af fiski. Hann er mjög góður hér, þótt ég skilji ekki af hverju fiskur veiddur við Ísland þarf að vera svona dýr. Ég skildi það ef það þyrfti að flytja hann á milli landa.”

Lucy er að lokum spurð að því hvort hún fái aldrei heimþrá. „Mér finnst gott að fara til Póllands í frí, hitta fjölskylduna, fara á ströndina, vera í góðu veðri og borða öðruvísi mat. Eftir eina til tvær vikur þá fæ ég heimþrá til Íslands, því hér á ég heima,” segir Lucy að lokum.





Í nóvember 2022, nánar tiltekið þann 25., voru liðin 110 ár frá því að Hjálmur kom fyrst út.

Bláðið var lengi vel handskrifað í einu eintaki og lesið upp á félagsfundum, sem voru alltiðir. Efnið var oft menningarlegs eðlis, hugleiðingar, sögur og kveðskapur, en síður félagsleg málefni, enda var fjallað um þau á fundunum sjálfum.

Við hæfi er að minnst þessara merku tímamóta í starfi félagsins, með því að birta valdar glefsur úr fyrsta árgangi Hjálms. Annars vegar er „spádómur“ um hvernig Hafnarfjörður muni líta út árið 2000, en hins vegar tvær greinar um „virkni“ kvenna á fundum félagsins. Í annarri er kvartað um að þær láti lítið að sér kveða og leitað skýringa á því, en í hinni er fyrri greininni svarað og

tekinn upp hansinn fyrir konurnar. Sjálfsgat þykir einhverjum þetta hjákátlegar væringar, en þær varpa ákveðnu ljósi á þann veruleika sem þær eru spottnar úr og eru þannig einhvers konar aldarspegill.

Hægt er að nálgast öll tölublöðin – þar með talin þau elstu á – timarit.is.



Hjálmur

fyrir 110 árum

Hjálmur hóf göngu sína árið 1912 – fyrir 110 árum. Í öðru tölublaði, sem kom út 2. desember það ár, birtist fyrri hluti greinar sem bar nafnið „Hvernig lítur Hafnarfjörður út árið 2000?“ og niðurlagið birtist í þriðja tölublaði, viku síðar. Framtíðarspáin var því gerð fyrir 110 árum og er um það hvernig Hafnarfjörður kæmi til með að líta út 88 árum síðar, sem sagt fyrir 22 árum.

Það er merkilegt hve mörg atriði í framtíðarspánni hafa gengið eftir. Höfundur spáir meira að segja að jarðefnaeldsneyti víki fyrir rafmagni í fiskiskipaflotanum, sem sýnir hve framsýnn höfundur hefur verið. Spáin um íbúáþróun er svo nákvæm, að það skeikar ekki nema 360 á spánni og tölum Hagstofunnar um íbúafjölda árið 2000 (19.640). Hann virðist meira að segja sjá fyrir Borgarlínuna, að vísu aldarfjórðungi fyrr en raunin verður. Gefum höfundi, sem kallar sig Núma, orðið.

Hvernig lítur Hafnarfjörður út árið 2000?

Mig minnir að það væri í fyrra sem einn af okkar framfara- og bestu ræðumönnum, og um leið hugsjónamönnum – því það þurfa þeir að vera sem slíkt verkefni takast á hendur og hafa líkar hugmyndir og hann

framsetti – lýsti því eftir sínu hugboði, hvernig Hafnarfjörður liti út, árið 2000, eða hvernig hann vildi að hann liti út að 88 árum liðnum. Af því að jeg er einn af þeim mönnum sem þykir hugðnæmast og mest hughreystandi að lifa í draumóróm ókomna tímans, og ég lít svo á, að allur fjöldi fólks með óspillta sál, hressist við að heyrja eitthvað úr ókomna tímanum – sem vér eigum örðugt eða jafnvel ómögulegt með að skignast inni – þó það séu draumórar, skiftir minstu hvort það eru svefndraumar eða vökudraumar, langar mig til að rifja upp draum ræðumannsins sem ég minnst á eins og ég man hann best, með þeim endurbótum og viðaukum frá sjálfum mér, sem mér að sjálfsgöðu þikri best við eiga.

Áður en ég byrja á þessum vökudraum, get ég ekki dulið þá skoðun mína, að svona lagaðir draumar, eigi að hafa þau áhrif á tilheyrendurna að þeir geri eins mikið og á þeirra valdi er, til þess að láta þá rætast. Gætu þá slíkir draumar orðið nokkurskonar „Plan“ eða áætlun sem íbúar þessa bæjar og eftirkomendur fyndu sér skylt að fara eftir að svo miklu leyti sem tímar og kringumstæður heimta, og að draumarnir séu það markmið sem þessi kynslóð og næstu kynslóðir finni sér skylt að keppa að. – Einnig er það ekki ófróðlegt fyrir afkomendur okkar, þegar þeir líta í litla skrifaða fátæklega blaðið okkar, að sjá hvaða hugmyndir og hugsjónir við gömlu mennirnir höfum gjört okkur um litla fátæka





Gula örin á báðum myndunum bendir á sama húsið. Sú fyrri er tekin 1912-13, um það leyti sem greinin er skrifuð, en hin árið 2022. Með því að bera saman myndirnar, sést vel hve mikil breyting hefur orðið á Hafnarfirði á þessum tíma



bæinn okkar, einkanlega ef hugsjónirnar rætast. Bregðist vonirnar og hugsjónirnar rætast ekki, verður þessi bjartsýni okkur aldrei lögð út á verri veg, því hún lýsir aðeins góðri og göfugri hugsun. Jeg vona að tilheyrendurnir fyrirgefi hvað formálinn er langur, en nú byrjar **Draumurinn**.

Íbúarnir verða 15-20 þúsundir. Bærinn tekur yfir svæðið frá Skiphól upp fyrir Brandsbæ, Jófríðarstaði yfir há-Hamarinn, þaðan vestur hraunið fyrir ofan Hraungerði, vitabygginguna og sem leið liggur vestur að fjárréttunum hjá Rvíkurvegi, þaðan alla leið að Bala. Með sjónum verður hlaðið bólverk alla leið frá Bala inn með öllum firði

og út að Skiphól hinsvegar. Allt svæðið frá Hafskipaklökk þeirri sem byggð hefir verið nú í ár, og svo langt sem stórstraums-fjöruborð nær, alla leið vestur fyrir Óseyrargranda, verður fyllt upp. Hvaleyrartjörn verður dýpkuð og gjörð að vetrar- og sumarlagi fyrir skemtibáta og smærri skip sem nauðsynleg eru bæjarbúum.

Út frá Hvaleyrarhöfða verður hlaðinn skjólgarður alla leið út á Helgasker, og norðanmegin samskonar garður á skerjunum niður undan Görðum, þannig að mjótt sund verður á milli garðanna. Bærinn sjálfur lítur þannig út, að á bólverkunum umkring höfnina verða geymsluhús og verslunarbúðir, allt byggt úr steinsteypu.

4 hafskipabyrggjur liggja út í höfnina, ein út af Fiskakletti (hún er nú þegar komin), önnur út af Langeyrmölum, þriðja út af miðbænum nálægt stefnu af S. Bergmann, og mætir hún bryggjunni út af Fiskakletti, fjórða verður út af Óseyrargranda. Hraunið undir bænum verður að mestu slétt út. Bogadregnar götur 5 að tölu með þvergötum á stuttu millibili, verða eftir endilöngum bænum, vestan frá Bala og suður fyrir Óseyri. Sú gatan er nærst verður höfninni, verður þar sem nú flæðir sjór yfir, nærsta gatan verður sú er nú er kölluð Strandgata, hún ber þá ekki lengur

það nafn með réttu. Þriðja gatan verður þar sem Austurhverfisvegur er nú byrjaður, og svo hver af annari. Göturarnar í miðlengju bæjarins, sem vér nú sjáum, verða steinlagðar eða makademiseraðar, en göturarnar í nýja bænum, þeim nú ósýnilega, verða lagðar með togleðri eða með öðrum orðum hljóðlausar, hvað mikil sem umferðin er. Rafmagnssporbrautir 2-3 liggja eftir bænum endilöngum og inn í Reykjavík, og verða járnbrautarstöðvarnar þar sem nú er fiskverkunarsvæði Einars Þorgilssonar og P.J.Th. & Co, og þar út af. Lækurinn sést nú ekki lengur renna yfir bæinn þverann, þar sem hann er nú, verða annaðhvort byggingar eða rennisléttar götur og torg. Ráðhús bæjarins, stór og afar skrautleg bygging, verður á Sýslumannstúninu. 4 kirkjur verða í bænum, 2 með eldra lagi og 2 með





nýtýsku sniði þá, önnur af þeim síðarnefndu á stærð við frúarkirkjuna í Kaupmannahöfn eða dómkirkjuna í Köln á Þýskalandi. Fyrsta kirkjan sem byggð verður, stendur á Undirhamarstúni, og munu margir þeir sem hér eru staddir í kvöld, sjá hana; önnur kirkjan verður þar sem Brýde pakkhúsið stóra stendur nú. Hin þriðja verður á fiskireit verkamannafélagsins Hlífar, og sú fjórða suður á Flensborgartúni. Þá verður trúarlíf og kirkjurækni miklu meiri en nú er, og því verða kirkjurnar svona margar og veglegar. Barnaskólarnir verða 2, stórar og veglegar byggingar. Annar þeirra stendur á túninu í Hraungerði en hinn nálægt kirkjunni á fiskreitnum. Svo verða og 2 aðrir skólar fyrir þroskaðri sálir en blessuð börnin, annar þeirra verður Lýðháskóli en hinn Sjómannaskóli. Sjómannaskólinn verður suður hjá Flensborg,



en Lýðháskólinn á túninu hjá honum Jóni gamla í Hamarskoti, og verður þá risinn upp annar Hamarskots-Jón, sem þar hefur skólastjórnina á hendi.

2 stórir listigarðar verða í bænum, annar fyrir innan hamarinn, þar sem nú er tún Odds Ívarssonar og Auðunns Níelssonar, með stöðuvatni sem búið verður til úr læknum á aðra hlið, og hinn í Víðistöðum. Báðir verða þeir að meira eða minna leyti skóggj vaxnir. Hér og hvar í bænum má sjá trjárúnna við íbúðarhúsin sem mörg verða stór og vegleg, og meðfram götunum má hér og hvar sjá trjáraðir í líkingu við „Under de Linden“ í Berlín á Þýskalandi. Vatnið fær nú bærinn ekki eingöngu úr Lækjarbotnunum, heldur og ofan úr Kaldárbotnum og þá þarf ekki að borga manni 1000 krónur á ári fyrir að leysa vind úr vatnsveitunni. Bærinn verður allur raflýstur, og fær hann rafaflið til þess og annars úr Kaldá.

Þá verður búið að finna aðferðina til að „léttu rafmagnið“ og má þá fá miklu meira rafmagn en nú, framleitt með minni aflstöðvum. Máske verður Hraunholtslækur líka notaður til aflvaka.

Verksmiðjur verða margar í bænum allar reknar með rafmagni, sumar vinna Íslenska ull í dúka, aðrar áburðarefni og önnur ólífræn efni úr loftinu svo sem sykur o.þ.h. og enn aðrar vinna úr fiskiafurðum. Verslun, siglingar og iðnaður verða aðal atvinnuvegir bæjarbúa. Þá þurfum vér og ekki lengur að láta það sameinaða eða Thore-dallana

flytja nauðsynjar okkar að og frá landinu, því þá eiga Íslendingar sjálfir milliferða- og strandferðaskipin sín og stjórna þeim sjálfir. Á höfninni hér eða öllu heldur skipadokkuni má sjá stór alíslensk flutningaskip sem ríkir Hafnirðingar eiga eða félög í bænum, og ganga þau beina leið til Þýskalands Englands og Norður-Ameríku (Hudsonflóans).

Þá eiga og bæjarbúar vænan fiskiflota. Þá verður hætt að nota dýru og vondu kolin, því flest eða öll skipin verða rekin ýmist með jarðolíu (Dísilvélum) eða með rafmagni.

Hraunið á bak við bæinn verður mestalt einn fiskireitur og land kaupstaðarinn allt girt svo vel að ekki kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Bærinn verður, í einu orði sagt, í fremri röð íslenskra bæja á þeirri tíð, og á hann legu sína og afstöðu því að þakka, en þó sérstaklega blessuðum firðinum inni landið með höfnina nærri því sjálfgjörðu. Var Guð ekki góður þegar hann skapaði Hafnarfjörð. ?

Jú vissulega: - Jæja þá, góðir hálsar. Þykir ykkur draumurinn ekki yfirgripsmikill? En jeg bið ykkur gæta að því, að það eru 88 ár sem hann á ólífað. Jeg býst samt við að einhver ykkar kunni að hugsa í hljóði, að þetta sé sú yfirgripsmesta vitleysa sem þið hafið heyrt á æfi ykkar, og að það sé Jóns-heimskan stærri.

Númi



Hjálmur

fyrir 110 árum

Í fjórða tölublaði Hjárms, sem kom út 16. desember 1912, birtist hvatning frá félagsmanni sem kallar sig Úlfjót (hugsanlega ritstjóri), til kvenna í félaginu um að hafa sig meira í frammi. Teljast verður ólíklegt að nokkrum manni dytti í hug að setja texta af þessu tagi á blað í dag, nema þá í besta falli í mikilli kerskni.

Ekki hefur hvatningin farið vel í alla félagsmenn, því strax í næsta tölublaði, sem kom út 23. desember 1912, birtist grein til andsvara eftir karl sem skrifar undir höfundarnafninu „Kvenhollur“.

Byrjum á grein Úlfjótis.

Hversvegna eru konur hættar að tala á fundum?

Jeg man svo langt að í fyrirvetur, þegar verkmannafélagið var reist úr rústum, að þá fjölmenntu konur mjög þangað, eins og þær gjöra raunar enn.

Þá var áhugamál þeirra á dagskrá, sem sé kauphækkun, þá voru það margar þeirra, sem tóku til máls, sem sjálfsagt var, og mér virtust jafnvel ræður þeirra sumra, eigi mikið lakari en hjá oss körlum sumum hverjum; en svo var þessu máli ráðið til likta, á þann hátt, að þær máttu vel við una; en það stakk líka í stúf, frá þeim tíma minnst ég ekki að hafa heyrt eða séð nokkra konu standa upp og halda svo mikið sem 3 þuml. langan ræðustúf, og hef þó verið á flestum fundum sem haldnir hafa verið í þessu félagi.

Mig langar til að spyrja, hver er ástæðan? Hafa konur ekki nokkurn áhuga nema fyrir þessu eina máli, ekki áhuga fyrir öðru en þessum fáu aukum sem þær fengu í kauphækkun um tímann? er þeim sama um allt annað sem að félagsskap vorum lýtur? sé svo, þá væri betur heima setið, eða eru það prjónarnir og heklið sem þær hafa með sér á fundum, sem neglir svo öll þeirra sálaröfl að þær meiga ekki orð mæla, nema hljóðskraf sem heyra má um alla bekkji?

Spyr sá sem ekki veit, segir Jón Ól. Jeg fyrir mitt leyti hygg, að þessu sé ekki svo farið, sem ég hef áður talið, eða að minsta kosti ekki að öllu leyti; ég hygg það sé öllu heldur hugsunarleysi og ef til vill óframfærni þeirra að kenna, að þetta gengur svo til. En þetta má ekki svo til ganga; þið verðið konur að láta skoðun ykkar í ljósi, á þeim málum sem félagið varðar, því það er hart að fá ekki nokkra vitneskju um það hvernig þið konur munið snúa ykkur, í því og því málinu, sem verið er að ræða, engin yfirlýsing um það frá nokkurri konu, heldur koma atkvæði ykkar eins og skollinn úr sauðarleggnum og annaðhvort styðja málið eða kollvarpa því.

Hafið það hugfast konur, að nú eru miklir kvenfrelsis tímar, þið kveinið og kvartið undan, - mér liggur við að segja, hinu ímyndaða oki sem vér karlar leggjum ykkur á herðar, þið viljið hafa kjörgengi og kosningarrétt í bæjarstjórn og á alþingi, og hver veit hvað, langar jafnvel til að hafa

endaskifti á heiminum ef kostur væri. Til þess að vera færar um þetta, verðið þið að gjöra ykkur ljósa grein fyrir málefnum þeim, sem þið eigið um að fjalla, annaðhvort greiða atkvæði með eða mót þeim, eða til að starfa að þeim á annann hátt.

Greiðasti vegurinn er, að hugsa um mál þau sem fyrir fundinum liggja, og ræða þau frá ykkar sjónarmiði, því skoðanamunur getur orðið um þau ykkar á milli, og víst gætuð þið ef til vill, bent okkur á eitthvað sem við ekki sjáum karlmenn, þegar vér erum að ræða einhver mál.

Jeg vonast eftir að jeg áður langt um líður, fái þá ánægju að heyra hljóma snjallar ræður frá ykkur konur og meyjar, sem ég vona að verða mættu til þess að gera félag vort enn traustara.

(Úlfjótur)

Hvað segir Kvenhollur?

Heill og sæll „Hjálmur“ minn! Gaman þykir mér að senda þér dálítinn greinar-stúf, svo fólkíð geti átt kost á að heyra hversu heimskur ég er þá láta skal það í ljósi er mér býr í brjósti, og bið ég þig vel virða, getur og verið að ég sendi þér einhverntíma meira ef ég finn eitthvað í pokahorninu mínu. Í síðasta blaði þínu er grein eftir „Úlfjót“ með fyrirsögninni, (ef ég man rétt.) „Hversvegna eru konur hættar að tala á fundum.“? Grein þessi virðist bera það með sér að höfundur hennar veiti að jafnaði meiri eftirtekt



kvenfólki en karlmönnum á fundum. Hann talar þar eingöngu um kvenfólkið en minnst ekki einu orði á karlmennina, og finst mér betur viðeigandi sem ég vil og gjöra í grein minni, að minnast á hvortveggja. Höfundur segir að í fyrra hafi konur talað á fundum þá er um kauphækkunina var að ræða, og þá eigi tekist miður en mörgum af karlmönnum, satt er það, en hvað gjörðu karlmennirnir þá.? Þegar ein eða fleiri konur stóðu upp til að láta álit sitt í ljósi um málin, þá var eins og samtök mynduðust meðal nokkuð margra af karlmönnum, til þess að gjöra grín og hlátur að ræðum þeirra. Af hverjum ástæðum þeir gjörðu þetta, er mér ekki ljóst.

Hvort það hefur verið af því að þær voru ekki eingöngu í buxum, eða af því að þeir hafa þótt því að meiri menn fyrir tiltækið, skal jeg ekki um dæma, en þeir einir munu það verið hafa, sem að einhverju leyti hafa skoðað sig stærrí persónur en kvenþjóðina, og er slíkt engin uppörfun fyrir þær að tala.

Hvernig mundi hverjum einstökum þessara manna hafa geðjast að því, ef bæði karlar og konur hefðu gjört þeim hið sama, jeg hygg að ræðan hefði orðið endaslepp, en þeir sjá við því á þann hátt að láta aldrei skoðanir sínar í ljósi fremur en kvenfólkið. Höf. segir á einum stað, að atkvæði kvenna komi eins og skollinn úr sauðarleggnum, annaðhvort til að styðja málin eða fella þau, og á öðrum stað, segir hann, að þær eigi að greiða atkvæði annaðhvort með eða móti. Þessa nákvæmni eða samræmi skil ég ekki, en hitt skil ég, að bekkur þeirra taki að gjörast vandsetinn frá sjónarmiði þessa „Úlfjót“.

Hann segist ekki muna að konur hafi talað neitt á fundum síðan kauphækkunin var á dagskrá, en jeg man ekki betur en að þær hafi þó eitthvað dálítið talað í haust.

En nú vil eg spyrja. Hvað hafa karlmennirnir gjört í haust þegar þessir 7-8 menn sem aðallega halda upp ræðum á fundum, hafa verið að ræða mál sem ef

til vill snerta þá öllu fremur en konur.? Gott hefði mátt þykja hefðu þeir setið þegjandi og kyrr á bekkjunum þar til komið var að atkvæðagreiðslu, því þá hefði þögnin verið tekin sem samþykki, hvort sem skoðun þeirra á málunum hafi verið nokkur eða engin. Nei! Þeir hafa mjög oft gengið burt af fundi hvernig sem á hefir staðið, og þó margt sé ábótavant hjá konum, þá á þetta sér þó engu síður stað hjá körlum. Eitt er enn, sem höf. virðist finnast ógeðfellt, sem sé það, að konur hafi handavinnu meðferðis og getur þess jafnvel til að aðal-erindið á fundi sé það að sýna sig með þrjónana sína og heklið sitt. Mér þykir líklegt að höf. sé svo kunnugur konum og störfum þeirra, að hann viti að þær hafa alltaf nóg að gjöra heima-fyrir, og oft svo, að þær ekki geta komist á fund, mun þeim því þykja viðkunnanlegra að halda á þrjónum sínum eða hekli, heldur en sitja þar auðum höndum.



**Sjá öll tölublöð Hjálms
á www.timarit.is**



Hjálmur1922



Hjálmur1936



Hjálmur1942



Hjálmur1952




Hjálmur1959



Hjálmur1964



Hjálmur1976



Hjálmur1982



Hjálmur1988



Hjálmur1995



Hjálmur2002



Hjálmur 2014

Það situr líka illa á oss körlum að líta hornauga til þrjónandi kvenna, því færstir gjörum vér mikið að því, að hlúa að oss sjálfir með þjónustubrögðin. Nú kann einhver að hugsa sem svo, að oft sjáist ungu stúlkurnar á götunni þegar hallar degi, en við meigum ekki setja þær á bekk með karlægum kerlingum, og lofa þeim aldrei að lyfta sjer upp úr sæti sínu. Má vera að mönnum þyki jeg nú kominn of langt út frá umtalsefninu en jeg vona að það sé ekki með öllu farskyld því. Hvað gjöra margir karlmenn þegar lítið er um atvinnu? Gangi maður eftir Strandgötunni fyrri part dags, sjást oft hópar af karlmönnum

undir húsgöflunum; lítið held jeg þeir gjöri þar þarflegt. Komi maður í búðirnar á kvöldin, þá eru margir hinir sömu komnir þangað, því þá er orðið of kalt að standa úti. Hvað gjöra þeir svo þar? Flækjast fyrir þeim sem koma til að versla. Hitti maður þar suma úr Verkamannafél. og spyrji, hvort þeir vilji vera með á fund.? „Ekki núna, segja þeir“ og draga það með sér.

Svona er nú áhugji þeirra á félagsmálunum, þeir vilja heldur hinkra þarna þar til lokað er búðinni, heldur en koma á fund, til að láta álit sitt í ljósi um málin. Kvenfólkið okkar kemur á fundi svo

framarlega sem því verður við komið fyrir annríki, og heldur þá náttúrlega á þrjónunum sínum með sér, og höfum vér ekkert við það að athuga.

Nú vildi ég minna alla, jafnt karla sem konur á það, ekki einungis að sækja vel fundi vora heldur líka hitt, að láta afdráttarlaust álit sitt í ljósi um áhugamál vor, bæði til að æfa sig og láta hugann fylgjast með, líka til að ofþreyta ekki hina fáu er halda uppi ræðum, svo aðrir geti tekið við af þeim ef þeirra missir við. Hafid það hugfast að feimnin drepur alla framkvæmd! Kvenhollur.

Exceltöflur sinna ekki börnum!

Fyrir ári síðan var sagt frá því í Hjálmi, að mikil óánægja væri meðal starfsfólks í leikskólum bæjarins. Helsta ástæðan er skortur á skilningi á störfum Hlífarfólks í leikskólunum og almennt virðingarleysi í garð hópsins.

Birtar voru niðurstöður úr könnun sem félagið gerði þá og sýndu svart á hvítu hver staðan var. Núna, ári síðar, er hún síst betri og ólgan hefur farið vaxandi. Hafnarfjarðarbær hefur enn ekki tekið tillit til margendurtekinnna ábendinga um að það muni 35-50 þúsund krónum á mánaðarlaunum ófaglærðs starfsfólks í leikskólum í Hafnarfirði og í nágrannasveitarfélögunum.

Hlífarfólki ekki boðið að tilefna fulltrúa

Snemma í október 2022 fékk félagið fyrir tilviljun í hendur bréf til starfsmanna og stjórnenda allra leikskóla í Hafnarfirði. Í því var sagt frá stofnun starfshóps, um endurskipulagningu leikskólastarfs í Hafnarfirði. Í bréfinu var meðal annars talið upp hverjir ættu fulltrúa í starfshópnum. Þar voru taldir upp stjórnálmenn, fulltrúar foreldra, kennara, leikskólastjóra, leikskólakennara, formaður félags leikskólakennara, tveir starfsmenn fræðsluviðs og fulltrúi leiðbeinenda. Í bréfinu kemur fram, að markmið hópsins sé „...fyrst og fremst það að bæta starfsaðstæður leikskólakennara og gera það sambærilegt því skólastigi sem við berum okkur gjarnan saman við.“

Leiðbeinendur í leikskólum í Hafnarfirði eru félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Hlíf, en félaginu hefur ekki verið boðið að tilefna fulltrúa í hópinn. Þess í stað fengu stjórnendur einn leiðbeinanda til að sitja í hópnum. Hér er á ferðinni grundvallarmisskilningur á því

hvað felst í að vera „fulltrúi“ einhvers hóps. Samkvæmt málvenju, almennri skynsemi og orðabókarskilgreiningu þýðir orðið fulltrúi, „sá eða sú sem er valinn af tilteknum hóp til að gæta hagsmuna eða tala máli hópsins.“ Hér er á engan hátt verið að kasta rýrð á þann einstakling sem stjórnendur völdu, heldur einungis að áréttu að enginn er fulltrúi hóps nema hópurinn, eða þeir sem hópurinn hefur valið til forystu, tilnefni hann. Allt annað er fullkomin lítilsvirðing við hópinn. Þetta þýðir, að meirihluti starfsfólks í leikskólunum á ekki fulltrúa í starfshópi, sem hefur það hlutverk að skilgreina og skipuleggja breytingar sem munu hafa umtalsverð áhrif á starf leiðbeinenda.

Hafnarfjarðarbær hafði loks samband við félagið 7. nóvember 2022 og óskaði eftir símtali við framkvæmdastjóra, til að ræða um „...útfærslu á styttingu vinnuvikunnar fyrir aðila í Félagi leikskólakennara.“ Brugðist var við með því að krefjast fundar, þar sem jafnframt sætu formaður og varaformaður félagsins. Sá fundur var haldinn 10. nóvember 2022. Fulltrúar bæjarins á fundinum voru fræðslustjóri, mannauðsstjóri og þróunarfulltrúi leikskóla.

Kynningarfundur að kröfu Hlífar

Fulltrúar Hlífar lýstu mikilli óánægju með allan undirbúning málsins. Því var harðlega mótmælt að bærinn hafi ekki óskað eftir að félagið tilnefndi fulltrúa í starfshópinn.

Jafnframt var lýst yfir að ekki yrði tekið þegjandi ef gengið yrði á rétt Hlífarfélaga í þessu máli. Enn fremur kom í ljós á fundinum, að bærinn hafði ekki hugsað sér að kynna fyrirhugaðar breytingar fyrir Hlífarfólki í leikskólunum. Fulltrúar félagsins kröfðust þess að það yrði gert.

Í kjölfarið hélt bærinn þrjá fundi með starfsfólki. Fulltrúa félagsins var boðið að sitja einn þeirra, en varaformaður mætti á þá alla og formaður félagsins mætti að auki á þann síðasta. Stórum hluta tímans var eytt í glærुकuningu um námsleiðir. Viðfangsefnið er vafalaust mikilvægt og áhugavert, en var ekki tilefni þessara funda og augljóslega gert til að stytta þann tíma sem hægt var að ræða málefnið sem fundirnir áttu að snúast um – og til að drepa því á dreif.

Fram hefur komið í máli þeirra sem hafa setið þessa fundi, til dæmis trúnaðarmanna og annarra, að uppleggið hafi tekið talsverðum breytingum á milli funda, svör sem gefin hafa verið við spurningum hafi ekki verið þau sömu á öllum fundunum og fleira í þeim dúr. Niðurstaðan er því sú, að þótt það sé spor í rétta átt hjá Hafnarfjarðarbæ að halda þessa fundi, þá sé augljóslega mjög margt í undirbúningnum í fullkomnu skötulíki og margir lausir endar enn óhnyttir.

Samgledjumst leikskólakennurum

Það sem rekur bæinn í þessa vegferð, er flótti leikskólakennara yfir í grunnskólana,





Excel-skjalið reiknar út frá stöðugildum, en ekki hve margir eru við störf hverju sinni.

í kjölfar þess að menntamálaráðherra heimilaði það. Leikskólakennarar hafa ekki einungis flutt sig í grunnskólana, heldur einnig úr Félagi leikskólakennara. Í grunnskólum er vinnutími með talsvert rýmri fríum en tíðkast í leikskólum og því eftir ýmsu að slægjast þar. Í síðasta kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga, var ákvæði um að heimilað yrði að safna saman vinnutímastyttingu þannig að hún nýttist til að laga leyfi leikskólakennara að leyfum grunnskólakennara, um páska, jól og á sumrin.

Verkalýðsfélagið Hlíf samgleðst öðrum félögum sem fá kröfum sínum framgengt, en gerir um leið þá kröfu að það verði ekki á kostnað Hlífarfólks. Það segir sig sjálft, að þann tíma sem leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn leikskólanna eru ekki að störfum, munu Hlífarstarfsmenn sinna börnunum. Forsvarsmenn bæjarins hafa haldið því fram að börnin verði miklu færri á þessum tímum, af því að foreldrar vinni almennt skemur en áður vegna vinnutímastyttingar. Í þeirri röksemdafærslu gleymist, að mjög stór hluti almenna vinnumarkaðarins hefur ekki enn samið um styttingu vinnutímans. Hjá því fólki hefur ekkert breyst hvað varðar þörf á leikskólarýmum.

Það er athyglisvert að Hafnarfjarðarbær skuli ríða á vaðið með að gera breytingar af þessu tagi. Fulltrúum félagsins hefur verið

sagt, að það komi til af því að mönnun í leikskólum sé betri í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögunum! Við nánari eftirgrennsan kemur í ljós, að Excel-útreikningar á mönnun leiði þetta í ljós. Hins vegar gleymist að taka fram, að Excel-skjalið reiknar út frá stöðugildum, en ekki hve margir eru við störf hverju sinni. Skjalið tekur ekkert tillit til fjarvista vegna skammtímaveikinda og takmarkað tillit vegna langtímaveikinda. Horft er algerlega fram hjá því, að það eru ekki stöðugildi í Excel-skjali sem sinna börnunum, heldur raunverulegt fólk – og það fólk þarf að vera á staðnum – með börnunum.

Styttist í kjarasamninga

Til að reyna að fegra hinn raunverulega vanda, undirmönnunina sjálfa, er brugðið

á það ráð að skipta um nafn, kalla undirmönnunina „fáliðun“, eins og það leysi einhvern vanda. Vandann má meðal annars rekja til mun lakari kjara leiðbeinenda í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögum, sérstaklega Reykjavík. Þetta endurspeglast meðal annars í talsvert meiri vöntun starfsfólks í leikskólum í Hafnarfirði en í Reykjavík, eins og fram hefur komið, meðal annars í fjölmiðlum. Þetta hafa stjórnendur í Hafnarfirði ekki mátt heyra á minnst.

Kjarasamningur við starfsfólk sveitarfélaga rennur út 30. september 2023. Félagið mun af fullum þunga sækja kjarabætur sem jafna muninn milli Hafnarfjarðar og nágrennasveitarfélaga, til viðbótar við annað sem um semst í þeim kjarasamningum sem nú standa fyrir dyrum.




Sláandi niðurstöður

Hlíf gerði könnun meðal starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar í nóvember 2022. Spurt var um ýmislegt sem snýr að starfinu og komandi kjarasamningum.



Hvað líkar þér best í núverandi starfi?



• Samanlögð hlutföll eru hærrí en 100% af því að svarendur gátu nefnt tvo möguleika.

metur vinnufélagana mikils, því fleiri en 90% nefndu þá sem það sem þeim líkaði best eða næstbest í núverandi starfi og sárafair sögðu að vinnufélagar væru það sem þeim líkaði verst.

Um 70 sögðu að launin væru það sem þeim líkaði verst eða næstverst og tveir af hverjum þremur nefndu undirmönnun.




VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

Áður hefur verið spurt um sumt af því sem nú var kannað. Þannig fæst samanburður. Skýrt kemur fram, að almenn líðan starfsfólks í vinnu hjá Hafnarfjarðarbæ er talsvert lakari en fyrir tveimur árum. Þá sögðu 60% svarenda að þeim líði almennt mjög vel í vinnunni. Í dag er það hlutfall 25%. Í dag segja fleiri að þeim líði verr í vinnunni en þeir sem segjast líða betur. Gildir þá einu hvort miðað er við sex mánuði eða tólf. Um 95% svarenda eru þeirrar skoðunar að álag í vinnunni hafi aukist á síðustu sex mánuðum og um átta af hverjum tíu segja að verkefnum sé sífellt að fjölga án þess að starfsfólki sé fjölgað til að mæta auknum verkefnum.

Vinnufélagarnir skora hæst en launin lægst

Þegar spurt var hvað svarendum líkar best og verst var niðurstaðan skýr. Starfsfólkið

Hvað líkar þér verst í núverandi starfi?



• Samanlögð hlutföll eru hærrí en 100% af því að svarendur gátu nefnt tvo möguleika.



Launakjör og undirmönnun

Þegar spurt var hvað félagið ætti að leggja mesta áherslu á í næstu kjarasamningum, var niðurstaðan eftirfarandi:

Þrír af hverjum fjórum vilja leggja mesta áherslu á grunnkaupshækkun og um 60% nefna viðbrögð við undirmönnun sem eitt af þremur mikilvægustu atriðunum. Tæpur helmingur vill sérstaka greiðslu fyrir að matast með börnum, eins og var fyrir hrun. Næstum 36% segjast vilja skýrar reglur um lágmarksmönnun í einu á deild og 27% vilja jafna kjör til samræmis við nágrennasveitarfélög. Svörin renna augljóslega stoðum undir það sem áður hefur komið fram um hvað fólki líkar best og verst við starfið. Það eru augljóslega launakjörin og undirmönnunin.



*Mægt var að nefna þrjá kosti



Tilbúið að fylgja eftir kröfum

Spurt var hversu líklegt eða ólíklegt sé að fólk sé reiðubúið að fylgja kröfum sínum eftir með aðgerðum, til dæmis verkfalli. Niðurstaðan er mjög afgerandi. Það er greinilegt að hjá flestum er mælirinn fullur. Eftir margra ára áhugaleysi á aðstæðum og þörfum þessa hóps, hafa stjórnendur bæjarins safnað glóðum elds að höfðum sér. Kjarasamningar eru ekki langt undan og starfsfólk bæjarins er reiðubúið að láta sverfa til stáls.

Ríflega þrír af hverjum fjórum segja það öruggt eða líklegt, á meðan örfáir einstaklingar telja það ólíklegt, eða aftaka það með öllu.



„Ég ætla ekki að láta bjóða mér þetta“

- segir trúnaðarmaður í leikskóla um áform Hafnarfjarðarbæjar

Fundur með trúnaðarmönnum sem starfa í leikskólum Hafnarfjarðar

Trúnaðarmenn í leikskólum Hafnarfjarðarbæjar voru boðaðir til fundar 9. nóvember. Meginmarkmið fundarinnar var að fá upplýsingar um hver upplifun almenns starfsfólks væri af áformum bæjaryfirvalda og að gefa þeim tækifæri til þess að bera saman bækur sínar og reynslu.

Fram kom, að ekkert samráð hefur verið haft við Hlífarfólk og því hefur ekki verið gefinn kostur á að velja fulltrúa í undirbúning. Í einhverjum leikskólum hafa verið haldnir fundir, en á þeim hafa aðallega verið leikskólakennarar og annað háskólamenntað starfsfólk. „Við vorum send út á lóð með börnin á meðan“, sagði einn trúnaðarmaðurinn, „rétt eins og okkur komi þetta ekki við.“

Á fundinum kom fram, að bæjaryfirvöld virðist ætla að reyna að stöðva flóttu leikskólakennara úr leikskólum yfir í grunnskólana eins og raunin hefur verið eftir að menntamálaráðherra heimilaði það. Þegar kennari sem starfað hefur í leikskóla flytur sig yfir í grunnskóla, breytast kjör og aðstæður á ýmsan hátt. Sumarleyfi og frí um jól og páska eru með allt öðru sniði en í leikskólum. Það skýri flóttann úr hópi leikskólakennara úr leikskólunum. Eða eins og einn trúnaðarmaðurinn sagði: „Þetta er ekkert annað en örvænting. Þau virðast gleyma

því að grunnskólabörnin fara líka í frí, en það á ekki að gerast í leikskólanum. Það á bara að „passa þau“ meðan kennararnir eru í frí. Og við eigum að gera það. Dettur einhverjum í hug að álagið minnki hjá okkur?“

Hiti í trúnaðarmönnum

Það virðist sem einhver óljós hugmynd sá á sveimi hjá stjórnendum bæjarinnar um að á sama tíma og kennararnir fari í leyfi, þá muni börnunum af einhverjum óútskýrðum hugmyndum fækka. „Bærinn ætlar að sigta út

hvaða foreldrar verða í frí og tilkynna þeim að börnin þeirra eigi ekki að koma í leikskólann.“

Það var mikill hiti í fundarmönnum og margir lýstu þeirri skoðun að þetta væri illa undirbúið, vanhugsað og kæmi ekki til með að ganga upp. „Ég ætla ekki að láta bjóða mér þetta“, sagði einn trúnaðarmaðurinn. „Það er lítil vandi að fá vinnu annars staðar og ég veit um fleiri sem eru að hugsa það sama. Hvað ætlar bærinn að gera ef það koma 30-40 uppsagnarbréf?“



Ég ætla að leika mér

Kolbeinn Gunnarsson lét af störfum sem formaður Hlífar á síðasta aðalfundi. Hann er þó ekki sestur í helgan stein og er í hlutastarfi á skrifstofunni, þótt hann gegni þar öðru hlutverki en áður.

Kolbeinn segist sáttur við hvert félagið var komið þegar hann lét af formennsku. „Það er búið að vinna mikla vinnu við að nútímavæða félagið. Það er búið að stækka skrifstofuna, stórbæta aðkomuna og aðstæður bæði starfsfólks og þeirra sem koma í heimsókn. Við höfum tekið stór skref í rafrænni þjónustu og félagið er vel í stakk búið til að mæta framtíðinni.“

Ýmis mál sem þarf að ljúka

Rólegra er yfir viðfangsefnum Kolbeins núna, þegar hann er ekki í framlínunni eins og áður. „Núna fæ ég loksins tækifæri til að ganga frá ýmsum verkefnum sem voru á minni könnu, sópa upp ef svo má segja. Það hefur safnast

upp mikið af pappírnum og gögnum á löngum ferli og margt sem þarf að huga að. Sumu má henda en öðru þarf að koma í örugga vörslu. Síðan er ég að vinna við að klára frágang og útgáfu á texta í síðustu kjarasamningum sem ég kom nálægt, svo sem við Kerfóðrun.“

Kolbeinn segir að ekki liggi endanlega fyrir hvenær hann láti alfarið af störfum, það fari eftir því hvernig gangi að ljúka þessum verkefnum. Hann segist þó gera ráð fyrir að hafa fasta viðveru á skrifstofunni að minnsta kost fram á sumar, „... og vera síðan til taks ef á þarf að halda í samningunum og öðrum verkefnum sem eru

fram undan.“ Kolbeinn segist enn vera viðriðinn vinnu í sambandi við Ölfusborgir, útfærslu vinnutímastyttingar með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og síthvað fleira.

Þegar Kolbeinn er spurður að því hvað hann ætli að gera við tímann sem áður fór í vinnu, en er nú til eigin afnota, stendur ekki á svari. „Ég ætla að leika mér, ekkert annað. Ég get farið að panta utanlandsferðir, ég hef nóg að gera í sumarbústaðnum sem fjölskyldan á fyrir austan og nóg að gera heima, þannig að ég kvíði ekki verkefnaskorti. Síðan næ ég orðið að slaka vel á. Það hefur ekki gerst lengi,“ segir Kolbeinn að lokum.



Kolbeinn tók við af Sigurði T. Sigurðssyni árið 2002 eða fyrir 20 árum síðan.



Vissir þú að fyrirtæki geta fengið styrk vegna fræðslu starfsfólks, jafnvel þó það sé vegna einstaklingsnáms?

Mikilvægi sí- og endurmenntunar verður seint metið að verðleikum enda sterk tengsl menntunar við velferð, hagsæld og jöfnuð. Nám, hvort heldur um er að ræða styttri námskeið eða lengra nám, getur oft verið kostnaðarsamt og ekki allra að fjármagna. Þar af leiðir er mikilvægt fyrir alla að geta nýtt áunninn rétt til styrks úr starfsmenntasjóði, hvort heldur er um að ræða einstakling eða fyrirtæki.

Öll fyrirtæki á almenna markaðnum með starfsfólk í Verkalýðsfélaginu Hlíf í Hafnarfirði, Eflingu og VSFK eiga rétt á og geta sótt um styrk frá Starfsafli, starfsmenntasjóði í eigu Samtaka atvinnulífins og áður nefndra félaga.

Það þarf ekki að ganga frá sérstakri aðild eða vera í Starfsafli þar sem réttur til að sækja um myndast sjálfkrafa um leið og launatengd gjöld starfsmanns eru greidd. Einfaldara getur þetta ekki verið.

Hámarksgreiðsla á ári er 3 milljónir króna, óháð stærð fyrirtækis og fjölda starfsfólks. Umsóknarferlið er mjög einfalt, sótt er um á www.attin.is og ef öll tilskilin gögn fylgja með þá er styrkur afgreiddur innan 5 virkra daga.

Fögnum nýjum umsóknum

Það er mikið um að sömu fyrirtækin sækja um styrk vegna námskeiða og fræðslu til Starfsafis og mörg hver fullnýta sinn rétt. Því er því ávallt fagnað þegar ný fyrirtæki sækja um en vitað er að fjölmörg fyrirtæki sækja ekki um til sjóðsins. Við viljum ná til þeirra og þeirra fyrirtækja sem telja sig ekki geta boðið upp á fræðslu vegna þess kostnaðar sem því fylgir en þurfa sannarlega á því að halda.

Stéttarfélagin sem standa að Starfsafli eru félög launafólks sem starfar í fiskvinnslu, afgreiðslu á veitingastöðum, þjónustu ýmiss

konar og þrífum, þernur, öryggisverðir og bílstjórar. Námskeiðin bera því keim af þeim störfum og þeirri samsetningu. Hátt í helmingur félagsmanna er til dæmis með annað tungumál en íslensku sem sitt móðurmál og því eru íslenskunámskeið mjög vinsæl og frábært að sjá hversu mörg fyrirtæki fjárfesta í sínu starfsfólki með því að bjóða upp á íslenskunám á vinnustað og eða greiða fyrir það starfsfólk sem kys að fara á íslenskunámskeið utan vinnutíma. Það er svo gríðarlega mikilvægt og hluti af því að aðlagast samfélaginu.

Þess utan ber töluvert á því að sú fræðsla sem er keypt inn í fyrirtækin sé annað hvort lögbundin, snerti þætti sem snúa að heilsu og öryggi og annað það sem getur verið nauðsynlegt fyrir rekstrarhæfi fyrirtækisins eða snýr að almennri nýliðafræðslu. Það má alls ekki draga úr vægi þessa en það má sannarlega hafa af því áhyggjur hvort verið sé að mæta hæfnipörf starfsfólks og búa það undir mögulegar breytingar á störfum þess, svo sem ef við lítum til þeirra breytinga sem eru samfara fjórðu iðnbýltingunni. Hvað þarf til að fyrirtæki staðni ekki og standist samkeppni?

Það er sannarlega hætta á að atvinnurekendur sem þurfa að fjárfesta í lögbundinni fræðslu geri það ekki, enda það eitt og sér oft flókið og kostnaðarsamt, og fjárfesti ekki frekar í sínu starfsfólki, en sem betur fer eru sjórnendur fyrirtækja að vakna til vitundar um mikilvægi þessa.

Þá má ekki gleyma starfsfólki sem ráðið



er tímabundið, starfsfólki sem kemur inn í sumarafleysingar eða hlutastörf til lengri tíma eða skemmri tíma. Í mörgum tilvikum er um að ræða ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Oft vantar upp á reynslu og hæfni og þá er ánægjulegt að fjöldi fyrirtækja sér hag í því að greiða fyrir það ýmiss konar nám sem veitir réttindi, svo sem á vinnuvélar, sem þeir einstaklingar taka með sér áfram og geta nýtt í framtíðarstörfum.

Ávinningur fyrir starfsfólk

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að einstaklingur sem ekki er í fullu starfi, til að mynda nemi sem vinnur með skóla, er talsvert lengi að vinna sér inn fullan rétt hjá sjóðnum og nær líklega ekki fullum rétti eftir 3 ár í starfi, en hann er 390.000 kr. en þó aldrei meira en 90% af reikningi. Hins vegar öðlast fyrirtæki fullan rétt, það er styrk upp á 300.000 kr. en þó aldrei meira en 90% af reikningi, fyrir starfsmann um leið og ráðningarsamningur er undirritaður og þá skiptir engu hvort viðkomandi er í fullu starfi eða tímabundnu. Það er því mikill ávinningur fyrir það starfsfólk ef fyrirtæki fjárfestir í því með þeim hætti að greiða starfstengt nám sem sannarlega nýtist inn í framtíðarstörf.

Hafa ber í huga að starfsmenntun og starfsþróun starfsmanna er ekki einhliða ákvörðun stjórnenda, heldur samtal á milli þegjara aðila, en þarf sannarlega að taka mið

af því umhverfi sem starfað er í. Því er það svo mikilvægt að hafa fræðslustefnu sem styður við starfsmenntun svo frumkvæði að fræðslu geti komið bæði frá starfsfólki og stjórnendum.

„Starfsmaður fyrirtækis getur sannarlega átt frumkvæðið og óskað eftir því að fyrirtækið greiði starfstengt nám eða námskeið fyrir sig. Fyrirtækið sækir síðan um endurgreiðslu á reikningi til Starfsafls og lágmarkar þannig sinn kostnað.“

Að síðustu má benda á að þörfin fyrir fræðslu og markvissa starfsþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda er sá hópur viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði eins og þær sem eiga sér stað núna. Mikilvægt er að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks og því hvetjum við fyrirtæki til að horfa til þessa hóps og sjá hvar má gera betur.

Sem betur fer bjóða mörg fyrirtæki starfsfólki sínu upp á fjölbreyttari fræðslu og námskeið, svo sem í samskiptum og leiðtogafærni, stjórnun, sölu og þjónustu, gæðastjórnun, tölvufærni og fleira. Mestu máli skiptir að horfa á fræðslumál fyrirtækisins heilt yfir. Í því felst að stjórnendur þurfa að vera framsýnir og samhliða því að draga upp sviðsmyndir af rekstrinum þá þurfa þeir að fara í greiningu á fræðsluþörfum með tilliti til

markmiða og stefnu fyrirtækisins og hagsmuna starfsfólks. Fyrirtækið þarf að hafa fræðslustefnu sem tiltekur hvernig það stendur að fræðslu og hvort og hvernig þátttöku í kostnaði vegna náms einstakra starfsmanna er háttáð. Einnig þarf að draga upp fræðsluáætlun sem fylgt er eftir með markvissum hætti.

Að endingu má ekki gleyma að sækja til Starfsafls og annarra sambærilegra sjóða þá þjónustu og styrki sem boðið er upp á. Allur gangur er á því hver ber ábyrgð á því innan fyrirtækja og þar höfum við tækifæri til að gera betur. Ein leiðin er að stjórnendur fyrirtækja upplýsi það starfsfólk sem sér um bókhald fyrirtækisins um starfsmenntasjóðina. Þannig geta bókararnir tekið þá reikninga sem eiga að bókast á lykla tengda fræðslu, klárað vinnuna með því að sækja um til sjóðanna. Með því móti er hægt að halda uppi fræðsluáætlun sem miðar að því að viðhalda og byggja upp þekkingu sem er í takt við markmið fyrirtækisins um lágmarkskostnað. Hvað gæti verið betra?

Ég hlakka til að fá umsókn frá þínu fyrirtæki.

Með kveðju,

Lísbet Einars
framkvæmdastjóri Starfsafls



**Verkalýðsfélagið Hlíf óskar öllum
félagsmönnum gleðilegrar jólahátíðar
og farsæls komandi árs.**



Kynning á stjórnarmönnum

Hef fyrir reglu að segja frekar já en nei

- segir Guðmundur Helgi Gestsson, stjórnarmaður í Hlíf



Guðmundur Helgi Gestsson hefur verið í stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar um nokkurra ára skeið. Hann er fæddur árið 1985, bjó fyrstu árin í Kaupfélagsblokkinni í Norðurbænum og síðar á Holtinu.

Þegar Guðmundur Helgi var sjö ára gamall, flutti fjölskyldan á Hauganes við Eyjafjörð, þar sem hún bjó um tveggja ára skeið. „Mamma vann í fiskvinnslu og stjúpaðir minn var á sjónum. Frá Hauganesi fluttum við síðan inn á Akureyri og vorum þar í tvö ár til viðbótar, þannig að við vorum allt í allt um fjögur ár fyrir norðan. Svo fluttum við aftur til Hafnarfjarðar.“

Hafnirðingur á flakki

Guðmundur og Óskar tvíburabróðir hans fluttu til föður síns í Danmörku þar sem þeir voru í eitt ár og gengu í danskan barnaskóla, Skolen ved Bülowvej. „Síðan komum við aftur til Hafnarfjarðar. Þar var ég þar til ég flutti að

heiman, 16 eða 17 ára. Ég var 18 ára þegar við fyrirverandi sambýliskona mín eignuðumst dótturina Natalíu Diljá, sem í dag er 19 ára.“ Aðspurður segist Guðmundur hafa búið hér og þar á þessu tímabili. „Það má segja að ég hafi verið Hafnirðingur á flakki.“

Það var ekki mikið svigrúm til að sækja sér formlega menntun fyrir unga fjölskyldu með barn. „Ég er með grunnskólapróf frá Hvaleyrarskóla, en tókst að komast í þrjár vikur í Flensborg“, segir Guðmundur Helgi og glottir. „Ég vann í hellulögnum með stjúpföður mínum eftir grunnskólann, aðallega í að helluleggja hraðahindranir fyrir Reykjavíkurborg. Það var orðið kalt þarna um veturinn og ég ákvað að fara í skóla til að hlýja mér dálítið. Það entist í þrjár vikur. Svo fengum við Óskar tvíburabróðir minn í einhverju bríarí þá hugmynd að sækja um í Kvinnaskólanum og komumst báðir inn. Það þótti talsvert afrek á þeim tíma. Þar var ég eina

önn, en elti síðan verðandi barnsmóður mína á Sauðárkrók, þegar hún fór í nám þar.“

Guðmundur hefur sótt ýmis námskeið, svo sem tölvuviðgerðarnám hjá NTV, rafsúðunámskeið „og eitt og annað fyrir sjálfan mig og fleira. Ég hef stundum velt því fyrir mér að sækja mér frekari menntun, en það væri þá væntanlega eitthvað sem ég gæti sinnt með vinnu.“

Byrjaði í álverinu 2016

Á þessum árum stundaði Guðmundur Helgi margs konar verkamannavinnu. Hann hóf síðan störf í álverinu í Straumsvík árið 2016. „Það er góður vinnustaður og ég hef verið þar síðan“, segir Guðmundur Helgi. „Þeir sem eru með manni á vöktum verða dálítið eins og önnur fjölskylda.“

Guðmundur Helgi er kvæntur Ástu Bjarndísi, sem er með B.S. gráðu í félagsráðgjöf og varði meistaratitgerð í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands í lok nóvember. Eins og Guðmundur Helgi, á Ásta Bjarndís eina 19 ára gamla dóttur, Jasmín Ósk, frá fyrra sambandi. Saman eiga þau síðan tvö börn, Auði Ýr sem er 13 ára og Bjarna Thor 8 ára. „Ásta Bjarndís vinnur hjá Keðjunni, sem er fjölskylduúrræði á vegum Reykjavíkurborgar.“ Fjölskyldan býr í Hafnirfirdi.

„Ég varð trúnaðarmaður í kerskála mjög fljótlega eftir að ég byrjaði í álverinu. Eypór, núverandi formaður Hlífar, sem þá var aðaltrúnaðarmaður í Straumsvík, plataði mig



í þetta. Ég ákvað að slá til." Hann segist lítið hafa hugsað um verkalýðsmál áður og haft takmarkaðan áhuga á þeim, enda hafi ekki mikið verið rætt um slíkt í uppvextinum. „Það sem ég kemst næst einhverri tengingu er líklega að afi Sylvíu stjúpmóður minnar var einhvern tíma á árum áður formaður Bárunnar á Eyrarbakka, sem er forveri Bárunnar-Þórs á Selfossi. Þessu komst ég í rauninni bara að um helgina. Heima hjá henni á Eyrarbakka eru til afrit af handskrifuðum fundargerðum frá því í eldgamla daga.“ Faðir Guðmundar Helga, var Gestur Guðmundsson, myndlistarmaður og -kennari, en hann er látinn fyrir nokkrum misserum.

„Það getur verið mjög misskilið að vera trúnaðarmaður,“ segir Guðmundur Helgi. „Það er almennt fínt þó. Trúnaðarráðið í álverinu heldur vel utan um trúnaðarmennina. Mennt hafa stuðning hver af öðrum og það er gott samband við aðaltrúnaðarmann. Svo nýt ég þess að vera með beint samband hérna inn á skrifstofu félagsins. Það er gott að vera tengdur við það sem er að gerast inni á svæðinu og með því hefur maður áhrif á eigin kjör og samstarfsfólks.“

Mikið líf í félaginu

Guðmundur Helgi var kjörinn í stjórn Hlífar árið 2018 og hefur setið þar síðan. „Kolbeinn, sem þá var formaður, hringdi í mig og spurði hvort ég gæti hugsað mér að koma inn í stjórnina. Ég hef haft það fyrir reglu að segja frekar já en nei af því að maður veit aldrei hvaða tækifæri maður er að kasta frá sér ef maður segir nei.“ Kjörtímabil stjórnar er ekki nema tvö ár, þannig að skuldbindingin er ekki lengri hverju sinni. „Ég hef aldrei séð eftir þessu. Ég hef fengið margt út úr því fyrir sjálfan mig, hef fengið að taka þátt í ungliðastarfinu, til dæmis hjá Starfsgreinasambandinu og fengið að taka þátt í ASÍ-UNG, þingum Alþýðusambandsins og fleira.“

Við víkjum talinu að félaginu sjálfu. „Mér finnst það hafa eflst og dafnað, sérstaklega undanfarin 3-4 ár. Það eru breytingar hér innanhúss, lifandi vefsíða, starfsmannahald og þjónustan sjálf. Þetta er orðið mun öflugra félag, opnara og virkara.“ Hann segir aukna virkni örugglega hafa áhrif á styrk félagsins, bæði inn á við í hreyfingunni og gagnvart viðsemjendum. „Til dæmis var Gundega, varaformaður Hlífar, formaður ASÍ-

UNG í tvö tímabil ef ég man rétt. Formaður félagsins er í framkvæmdastjórn SGS og mér finnst eðlilegt að félagið eigi fulltrúa í miðstjórn ASÍ. Við eigum alltaf að sækjast eftir því að vera í forystu og mér finnst eðlilegt að Verkalýðsfélagið Hlíf eigi þar sína rödd.“

Kjaramálin

Í lokin er Guðmundur Helgi spurður hvernig honum lítist á horfur á vinnumarkaði. Hann segir að í hans eigin tilvikum sé í gildi langur samningur, allt til ársins 2026. Það breyti þó ekki því að hann fylgist ágætlega með og staða mála komi upp á hverjum einasta stjórnarfundi í Hlíf. „Mér finnst kröfur SGS á almenna markaðnum mjög sanngjarnar og ef atvinnurekendur eru ekki tilbúnir að koma til móts við þær, þá hlýtur að stefna í átök. Ég held að við stöndum vel undir því. Síðan er sveitarfélagasamningurinn undir næsta haust og miðað við hvernig Hafnarfjarðarbær hefur undanfarið komið fram við þann stóra hóp Hlífarfélaga sem starfar hjá bænum, óttast ég að það verði erfiðustu samningarnir,“ segir Guðmundur Helgi að lokum.



Trúnaðarmannanámskeið

Trúnaðarmannanámskeið eru afar mikilvægur þáttur í starfi félagsins og í að efla trúnaðarmenn starfsfólks á einstökum vinnustöðum í starfi.


Dagana 24. og 25. september 2022 héldu Hlífog Félagsmálaskólinn trúnaðarmannanámskeið

– 1. hluta. Fáeinir einstaklingar úr öðrum félögum en Hlíf fengu að sitja námskeiðið. Skipulag námskeiðsins var með nokkuð öðru sniði en áður, námskeiðið er nú tveir dagar en ekki þrjú

eins og áður hefur verið. Námsfnið hefur verið stokkað upp í samræmi við þetta.

Gott er að geta nú tekið til óspilltra málanna í trúnaðarmannafraeðslunni aftur, en Covid faraldurinn setti þessa mikilvægu starfsemi í uppnám, eins og svo margt annað.

Haldið verður áfram með trúnaðarmannanámskeiðin í byrjun ársins 2023.





SVONA VIRKA FRÆDSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA


FRÆDSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA

- ✓ Allir sem starfa á almenna markaðnum og eru í Verkalýðsfélaginu Hlíf mynda rétt í fræðslusjóðnum
- ✓ Allt starfstengt nám er styrkt, skólagjöld vegna náms til eininga, bóklegur og verklegur hluti í almennu ökunámi, meirapróf og vinnuvélaréttindi, tölvu- og tungumálanám, markþjálfun, netnámskeið, ráðstefnur sem tengjast starfi og fleira
- ✓ Styrkhlutfall fer eftir áunnum rétt
- ✓ Styrkt er 90% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei meira en 130.000 kr. á ári
Uppsafnaður réttur til 3ja ára veitir allt að 390.000 kr. styrkt
- ✓ Upplýsingar um rétt og afgreiðslu umsókna hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf

FRÆDSLUSTYRKIR TIL FYRIRTÆKJA

- ✓ Fyrirtæki á almennum markaði með starfsfólk í Verkalýðsfélaginu Hlíf getur sótt um styrki vegna náms og fræðslu starfsfólks
- ✓ Réttur fyrirtækis til að sækja um styrk myndast sjálfkrafa um leið og laumatengd gjöld starfsmanns eru greidd
- ✓ Allt starfstengt nám er styrkt; námskeið, meirapróf, vinnuvélaréttindi, íslensku- og tölvunám, stjórnendabjálfun, öryggis- og gæðastjórnunarnámskeið og fleira
- ✓ Hámark styrkfjárhæðar er 3 milljónir króna á ári.
- ✓ Sjá nánar á www.starfsafl.is

starfsafl



Reiknaðu launin þín!
www.sgs.is

Svaraðu nokkrum léttum spurningum og fáðu rétt reiknaðan launaseðil á skjáinn.

Ný gagnvirk launareiknivél

Það er mikið hagsmunamál fyrir launafólk að geta farið yfir það með einföldum hætti hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga, þ.e. kannað hvort launaseðill sé réttur.

Sett hefur verið upp reiknivél á vefnum, sem félagsmenn geta nýtt sér til að reikna út launin sín, kannað hvort launaseðlar séu réttir og annað það sem snertir margvíslegar launatengdar greiðslur.

Reiknivélin er einföld í notkun. Hægt er að reikna út laun miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði og samninga við ríki og sveitarfélög. Auk þess eru samningar Hlífarfólks sem starfar í álverinu í reiknivélinni.

Með reiknivélinni erum við að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna og kjara.



Farðu inn á heimasíðu Hlífar og smelltu á þetta merki til að komast inn á reiknivélina.



Starfsgreinasamband
Íslands



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF



Er ekki kominn tími til að spara?

Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.

Pægindi

- Launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum.
- Enginn upphafskostnaður.
- Heimilt að ráðstafa inn á höfuðstól húsnæðislána.
- Heimild til úttektar við kaup á fasteign (við ákveðin skilyrði).

Erfðaréttur

- Sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga.

Skattahagræði

- Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð.
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum.

Tryggðu þér 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% eigin framlagi.



GILDI

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is • gildi@gildi.is

Ókeypis APP til að skrá vinnustundir og reikna launin!



Með einum smelli er hægt er að reikna út laun í appinu miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði, við ríki og sveitarfélög.

Hlíf er fyrst allra stéttarfélaganna á Íslandi og jafnvel í öllum heimi sem tekur í notkun app sem sér um tímaskráningu ásamt möguleikanum á að geta reiknað út laun félagsmanna sem starfa samkvæmt kjarasamningum.

Félagsmenn geta farið inn á heimasíðu Hlífar, svarað nokkrum spurningum til að skrá sig fyrir appinu og notað það svo til að skrá unnar vinnustundir. Appið er tengt öllum

kjarasamningum SGS og hefur allar helstu reiknireglur kjarasamnings um vinnutíma ásamt launatímabili að styðjast við útreikning.


Curio App er tengt íslenska tímaskráningarkefninu Curio Time frá UX design (*sjá: www.curiotime.is*) og hefur Hlíf gert samning um ókeypis notkun á forritinu fyrir félagsmenn.

Til móts við framtíðina

Appið er því frítt fyrir félagsmenn Hlífar og við hvetjum alla þá sem vilja hafa laun og tímaskráningu á hreinu að hala appinu niður á símann og nýta sér þessa nýjung hjá félaginu.

Appið er enn eitt skrefið í að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna.

Lærðu að nota appið..



1 = Vinnutími þinn
2 = Stimpla sig á milli verkefna
3 = Klukk inn og klukk út - takki
4 = Valmynd og tímaskýrslan þín

1 = Sendu þér PDF skýrslu
2 = Reiknaðu laun þín
3 = Breyttu vinnutíma

Appið sér um útreikning

Skoðuðu niðurstöður skv. reiknivél SGS og prentaðu útreikning þinn.

Vert að hafa í huga að mögulega er ekki hægt að ná utan um sérstakar kringumstæður og er félagsmönnum bent á að hafa samband við skrifstofu Hlífar ef frekari spurningar vakna.

Grufloð í félagatalinu

Nýja félagakerfið gefur tækifæri til að skoða skiptingu félagsmanna út frá ýmsum viðmiðunum, fljótt og auðveldlega. Fjöldi félagsmanna og samsetning þeirra getur verið mismunandi eftir tímabilum, til dæmis árstíma. Hér eru nokkur atriði skoðuð til fróðleiks, miðuð við þá sem greitt var félagsgjald fyrir vegna ágúst, september og október 2022.


Kornungt félag

Þó svo félagið sé orðið allstálpáð, 115 ára gamalt, eru félagsmennirnir ungir. Meðalaldurinn er ekki nema 32 ár. Alls eru meira en 57% félagsmanna þrjátíu ára eða yngri og eingöngu tæplega 14% eldri en fimmtugir.

Í félaginu eru fleiri konur en karlar, eða næstum 54% á móti rúmum 46% karla. Þrír einstaklingar eru skráðir kynsegin.

Uppruni og búseta

Margir félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Hlíf koma langt að. Alls eru félagsmenn frá 67 þjóðlöndum í félaginu einhvern tíma á tímabilinu



sem var til skoðunar.


Langflestir eru Íslendingar, eða um 60%, en riflega fimmti hver félagismaður er af pólskum uppruna. Tæplega fimm af hundraði eru frá Litháen og Lettar og Rúmenar tæp tvö prósent hvorir um sig. Félagsmenn frá þeim 59 löndum



sem ekki eru talin upp í grafinu, eru 6,8% af heildinni.


Pegar búseta félagsmanna er skoðuð, þarf að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi ræðst félagsaðild ekki af búsetu, heldur því hvar fólk vinnur. Reykvikingur sem starfar í fiskvinnslu í Hafnarfirði er því í Hlíf, en ekki í Eflingu. Annað sem skiptir máli, er að miðað er við búsetu samkvæmt skráningu í þjóðskrá, á þeim tíma sem keyrslan úr félagaskránni var gerð. Það getur þýtt, að viðkomandi sé fluttur af landi brott (eða innanlands), þótt hann hafi verið að vinna á félagssvæðinu einhvern af þeim þremur mánuðum sem um er að ræða. Það getur jafnframt þýtt, að fólk sem ekki starfar á félagssvæðinu sé með lögheimili annars staðar.

Kynjaskipting félagsmanna



Helstu kjarasamningar

Félagsmenn í Hlíf starfa eftir nokkrum kjarasamningum. Þar eru helstir; samningur á almennum markaði, sem langflestir félagsmenn starfa samkvæmt, eða 47,5%, samningur við sveitarfélögin, rúm 29% og samningur við Samband fyrirtækja í velferðarþjónustu, tæp



Rúm 40% félagsmanna búa í Hafnarfirði, með áðurnefndum fyrirvörum, og 12% búa í Garðabæ. Það þýðir, að einungis rúmum helmingur félagsmanna býr á félagssvæðinu, sem nær yfir þessi tvö sveitarfélög. Rúmur fjórðungur býr í Reykjavík og um 8,5% í Kópavogi.

14%. Á tímabilinu störfuðu 5,4% samkvæmt samningi félagsins við Ísal í Straumsvík og 3,6% fengu greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða Fæðingarorlofssjóði. Einungis örfáir einstaklingar, eða 0,2% félagsmanna, fá laun eftir samningi SGS við ríkið.



ÍSLENSK VERÐBRÉF BJÓÐA FJÖLBREYTTA FJÁRFESTINGARKOSTI OG SPARNADARMÖGULEIKA

Hægt er að eiga viðskipti með sjóði í rekstri ÍV sjóða hf.
í gegnum **Verðbréfavef ÍV** á **iv.is**

VERÐBRÉFAVEFUR ÍV Á **WWW.IV.IS**



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Fjölbreyttir orlofskostir



Verkalýðsfélagið Hlíf á tíu orlofshús á Suður- og Vesturlandi. Tvö eru í Vaðnesi, tvö í Ölfusborgum, tvö í Stykkishólmi og fjögur hús í Kolási við Munaðarnes. Eitt húsanna í Kolási er stórt og nýjasta húsið, Kolás 9-11 er með fullbúnu gestahúsi. Tvö síðastnefndu húsin henta mjög vel fyrir „stórfjölskyldu“.

Í Kolási hefur félagið fest kaup á viðbótarlandssvæði, þar sem mögulegt er að bæta við 1-2 húsum að minnsta kosti. Verið er að kanna möguleika á frekari uppbyggingu á svæðinu.

Auk sumarhúsanna á félagið tvær íbúðir við Furulund á Akureyri.

Vel búið að gestum

Heitur pottur og gasgrill eru við öll orlofshúsin og inni eru sjónvarpstæki, hljómtæki, bækur og spil til afþreyingar. Fyrir vorið verður komin á nettenging í öllum húsunum. Sams konar útbúnaður er í íbúðunum á Akureyri, að því undanskildu að þar eru ekki heitir pottar.

Orlofshús Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sameign félagsmanna, ætluð til að gefa félagsmönnum tækifæri til að komast út í náttúruna, sér og sínum til hvíldar og heilsubótar.

Sjá nánari upplýsingar um húsin og íbúðirnar á www.hlif.is.
Bókun fer fram á mínum síðum.



**Staðfestingargjald: 1.000 kr., þarf að greiða innan 48 klukkustunda (tveggja sólarhringa).
Leigusamningur er sendur á netfang leigutaka við lokagreiðslu.**

Verð og skilmálar

Helgarleiga: 18.000 kr.

Vikuleiga: 26.000 kr.

Stórt hús, helgarleiga: 24.000 kr.

Stórt hús, vikuleiga: 34.000 kr.



Tímabil og úthlutunarreglur

Mismunandi reglur gilda um úthlutun og leigutíma eftir árstímum. Punktastaða umsækjenda ræður um páska og yfir sumarmánuðina, en á öðrum tímabilum gildir „fyrstur kemur – fyrstur fær“ reglan.

PÁSKAR:

- Leigutímabil: 5.4.2023 - 12.4.2023
- Umsóknartímabil: 6. – 20. feb. 2023

JÓL:

- Leigutímabil: 20.12.2023 – 27.12.2023
- Umsóknartímabil: 2. – 16. okt. 2023

SUMAR:

- Leigutímabil: 26.5.2023 - 8.9.2023
- Umsóknartímabil: 6. – 20. feb. 2023

ÁRAMÓT:

- Leigutímabil: 27.12.2023 – 3.12.2024
- Umsóknartímabil: 2. – 16. okt. 2023



Leiðbeiningar fyrir gesti

UMGENGNISREGLUR

Við biðjum dvalargesti í húsum Hlífar að hafa eftirfarandi reglur í heiðri meðan á dvölinni stendur og þegar húsi er skilað.

- Hafa ekki gæludýr með, gæludýr eru bönnuð í húsum félagsins.
- Ganga úr skugga um að allt sé í lagi þegar komið er að og í húsið.
- Ef eitthvað er að, vinsamlega láta skrifstofu Hlífar vita, til að hægt sé að bæta úr.
- Ganga vel um húsið og umhverfið.
- Valda öðrum dvalargestum á svæðinu ekki ónæði.
- Skoða og fylgja leiðbeiningum um notkun á heita pottinum.
- Sjá til að allt sé á sínum stað við lok dvalar.
- Þrifa húsið – ryksuga og skúra.
- Þrifa bakaraofn, eldavél, ísskáp, hreinlætistæki, útigrill og heita pottinn.
- Taka og fjarlægja allt rusl.
- Loka öllum gluggum og dyrum og læsa tryggilega.
- Skila lyklum strax að dvöl lokinni á skrifstofu Hlífar.
- Láta skrifstofu Hlífar vita ef eitthvað skemmist eða brotnar meðan á dvölinni stendur, til að hægt sé að lagfæra það.



Almennar leigureglur

Framleiga bönnuð

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu og viskastykki. Einnig skal hafa með og nota sængurver, lök og koddaver fyrir alla sem sofa í húsinu.

Ábyrgð og bætur

- Hlífarfélagi sem skráður er leigjandi orlofseignar ber fulla ábyrgð á húsnæðinu og öllum búnaði í því meðan á leigutíma á hans nafni stendur og skuldbindur sig til að bæta allt tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja í húsinu á hans vegum.

Umgengnisreglur

- Leigjandi og gestir hans skulu ganga vel um hús og umhverfi, gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt, forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.
- Þrif – Frágangur - Þrifagjald
- Leigjandi skal þrifa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur Hlíf sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif.

Skil

- Leigjandi skal loka, læsa og skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma samkvæmt samningi og einnig skila lyklum eins og mælt er fyrir um.

Skemmdir

- Tilkynningarskylda
- Leigjandi skal ef við á upplýsa skrifstofu Hlífar um skemmdir á hinu leigða, húsnæði eða búnaði, eða annað sem kann að skipta máli fyrir félagið eða næstu leigjendur.

				EGGJÁRN	ÁRVISS	FUGL ÓNÆÐI	ÓÐAGOT		AÐHEFST	MEGIN		
				DAUÐ- LANGA								ÁHLAUP
				KLÓR					ELLEGAR			
				FREKAR					RÓLEĞUR			
									EINSKIS- VERT			
									BOTNFALL			
	ALDUR				RIST							
	SKILJA				HÓTUN							
RÝRA		BÖDAFÖLL STRÚTFUGL	OFANFERÐ			KVÍÐINN LÍNA				GLÁPTI		
					GEIGUR HYGGJAST				TVEIR EINS MATJURT			
GREMJA			FÆÐI ÞÍÐA					MÁNUÐUR GLJÁHÚÐ				
KOMAST FYRIR					RUGL- INGUR					RÆKTAR- LAND		
ÓHLJÓÐI					ELJUSEMI							
			DULINN AFTRA					BÁRA TILFINNING				
ÁREITNI		HNUPLAÐI RÖSK					SKRENS SPIL					
					VESEN	DRYKKUR STRÁ DUFTI Á				SÍFELLT		
ELSKA HNEISA				TRUFLUN EFTIR- LÍKING				HREINN NYTJAR				
			ÁTT ÍPRÓTTA- FÉLAG			MÆLI- EINING SKYNFÆRA			ÁLÚTUR	HRÓPA		
		HINDRAÐI TALDI						SPJÖR HÉLA				
SAMPYKKI			HÓGLÁTUR BYLGJA				TROÐA UNDIR- TYLLA					
ÓSKIPT			AFBROT DRYKKUR							ÞREYTA		
HROKA- FULLUR						ÓVERU- LEĞUR ÖFUG RÖÐ						
	DUGLEG				FRUMEIND			NUGGA				
STRJÁ- LINGUR					SKIMI							

HÖFUNDIR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Nafn: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Lausnarorð: _____